**NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU**
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: NEL17120004

Nefnd um eftirlit með lögreglu tók ákvörðun nr. 23/2018 í máli [redacted] á fundi sínum þann 29. maí 2018. Með henni var erindi [redacted] frá 3. desember 2017, vísað frá. Erindi [redacted] frá 7. desember 2017, var sent Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu til þóknanlegrar meðferðar með vísan til þess að kvörtunin varðaði starfsaðferðir eða framkomu starfsmanna lögreglunnar í skilningi b-liðar 1. mgr. 35. gr. a. í lögreglulögum og sé það verkefni viðkomandi lögreglustjóra að taka formlega afstöðu til hennar.

Þann 24. september 2021 tók nefndin málið fyrir til athugunar og hvort þörf væri á frekari eftirfylgni af hennar hálfu. Nefnd um eftirlit með lögreglu taldi að málið hefði fengið fullnægjandi meðferð hjá embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og sendi í kjölfarið [redacted] tilkynningu um lúkningu málsins hjá nefndinni.

Nefndinn barst í kjölfarið erindi frá [redacted] þann 14. október sl., þar sem hún taldi meðferðina ófullnægjandi með vísan til vanhæfis nefndarmanna. Á 16. fundi nefndarinnar þann 20. október 2021 var ákveðið að endurupptaka erindi [redacted] og leggja það að nýju fyrir varamenn nefndarinnar.

## Ákvörðun nr. 1/2022

Þann 7. janúar 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 1/2022

## Málsatvik

Þann 5. desember 2017 og 8. desember 2017 framsendi ríkissaksóknari nefnd um eftirlit með lögreglu erindi [redacted] dags. 3. desember 2017 og 7. desember 2017. Í erindi [redacted] er kvartað yfir störfum lögreglu vegna afskipta af [redacted] á heimili hennar annars vegar þann 9. og hins vegar 24. nóvember 2017.

Í erindi [redacted] er varðar atvikið þann 9. nóvember 2017, kemur fram að starfsmenn lögreglu hafi komið á heimili [redacted] í kjölfar þess að hún kvartaði yfir hávaða og ónæði nágranna. Vísað er til nafngreinds starfsmanns lögreglu, sem sýnt hafi henni „ógnandi framkomu" við komu á heimilið og meðal annars vakið upp og hrætt barn kvartanda.

Í greinargerð frá [redacted] sem varðar atvikið frá 24. nóvember 2017 segir að fjórir starfsmenn lögreglu hafi komið að heimili hennar vegna tilkynningar til lögreglu þar sem tilkynnt hafi verið um grun um ofbeldi gegn barni. Í erindinu kemur fram að [redacted] telur sig hafa þurft að sæta öðru verklagi en gengur og gerist í sambærilegum málum. Með því hafi hún sætt grófri mismunun af hálfu lögregluembættisins í heild sinni.

**Forsendur nefndarinnar**

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

**2.**

Í bréfi embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu frá 27. september 2019 til kvartanda vegna afgreiðslu málsins kemur fram að embættið harmi upplifun [redacted] af framkomu lögreglumanns nr. [redacted] en beinir því jafnframt til [redacted] að vera sannsögul í tilkynningum sínum. Fram kemur að samkvæmt upplýsingakerfi lögreglu hafi borist fjölmargar tilkynningar frá [redacted] á árunum 2017-2018 vegna hávaða og annarra atburða.

Embættið tekur fram að það muni ekki aðhafast frekari í málinu.

**3.**

Almennt fellur ekki undir valdsvið nefndarinnar að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála. Hins vegar fellur það undir valdsvið nefndarinnar hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Undir verksvið nefndar um eftirlit með lögreglu fellur að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar.

Hvað varðar afskipti lögreglu af [redacted] þann 24. nóvember 2017 lýtur sú kvörtun að beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga og fellur þar með ekki undir valdsvið nefndarinnar sbr. umfjöllun í 3. kafla. Er þeim þætti erindisins því vísað frá.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af því hvernig erindinu er lýst í kvörtun [redacted] og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Á þeim grundvelli er það afstaða nefndar um eftirlit með lögreglu að ekki sé tilefni til frekari athafna af hálfu nefndarinnar er varðar þann þátt kvörtunarinnar.

**Niðurstaða**

Erindi [redacted] frá 3. desember 2017 er vísað frá.

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur að erindi [redacted] frá 7. desember 2017 hafi fengið fullnægjandi meðferð hjá embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna þess.

Reykjavík, 7. janúar 2022

Margrét Einarsdóttir
Formaður

Grímur Sigurðarson

Flosi H. Sigurðsson

**NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU**
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: NEL 20110006

## Ákvörðun nr. 2/2022

Þann 7. janúar 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 2/2022.

### Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi [redacted] þann 17. nóvember 2020. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við tafir á meðferð máls sem Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu sendi embætti héraðssaksóknara auk skorts á svörum við erindum [redacted] til embættisins vegna málsins. Í erindi [redacted] vísar hann til máls nr. [redacted] tjáir að hann hafi fengið sent bréf frá embættinu þann 11. september 2020 þar sem málinu var vísað frá.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá héraðssaksóknara með bréfi þann 13. janúar 2021.

### Forsendur nefndarinnar

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Héraðssaksóknari svaraði beiðni nefndarinnar frá 13. janúar 2021, með bréfi dags. 21. janúar 2021. Meðfylgjandi svari embættisins voru gögn í máli

Í gögnum málsins kemur fram að þann 22. janúar 2018 hafi [redacted] kært ráðuneytisstjóra í utanríkisráðuneytinu, ríkislögmann og seðlabankastjóra til embættisins í tengslum við lánalínu/gjaldeyrisskiptasamning við [redacted] en svo hafi virst vera að sakarefni hans hafi verið þar afmarkað af honum sem þjófnaður á greiðslu þóknunar í tengslum við þá gerninga. Frá 2018-2020 hafi [redacted] átt í ítrekuðum samskiptum við embættið með tölvupóstsendingum og símhringingum vegna málsins. Sífellt hafi verið að berast nýjar upplýsingar, sjónarmið og gögn í málið frá honum. Hann hafi sent alls á fjórða tug erinda á embættið í formi fyrirspurna, sendinga og reifana á nánari málavöxtum og upplýsingum, frásögnum, nýjum kærum, kæruefni o.fl. Ógjörningur hafi verið að henda nákvæmar reiður á frásagnir hans af atvikum og fullyrðingum sem ekki hafi verið studdar haldbærum gögnum. Embættið hafi talið að kærur [redacted] ættu ekki við rök að styðjast, sök væri fyrnd hvað marga þætti málsins varðaði og ljóst væri að einkaréttarlegur ágreiningur lægi fyrir hendi um marga þætti sakarefnanna. Hafi því embættið lokið málinu með ákvörðun þann 11. september 2020 um að vísa kæru hans frá. [redacted] hafi kært ákvörðunina til embættis ríkissaksóknara þann 17. nóvember 2020. Ríkissaksóknari hafi lokið málinu með því að vísa kæru [redacted] frá þann 11. desember 2020 þar sem kærufestur málsins hafi verið liðinn þegar [redacted] beindi kæru sinni til ríkissaksóknara.

3.

Það fellur almennt ekki undir valdsvið nefndarinnar að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála. Hins vegar fellur það undir valdsvið nefndarinnar hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

Almennar málsmeðferðarreglur stjórnsýslulaga gilda um starfsemi lögreglustjóra og er að finna í 3. og 4. kafla laga nr. 37/1993. Þær meginreglur sem þar er að finna kveða á um að stjórnvald hafi leiðbeiningaskyldu og skuli taka ákvarðanir í málum svo fljótt sem auðið er og skýra málsaðila frá því ef afgreiðsla máls muni tefjast og hvenær ákvörðunar er að vænta.

4.

Það fellur undir verksvið nefndar um eftirlit með lögreglu að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Með erindi [redacted] eru gerðar athugasemdir við tafir á meðferð máls sem Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu sendi

embætti héraðssaksóknara auk skorts á svörum við erindum [redacted] til embættisins vegna málsins. Ljóst er að athugasemdirnar varða starfshætti starfsmanna héraðssaksóknara.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá héraðssaksóknara. Yfirferð nefndarinnar leiddi í ljós að ekkert athugavert hafi komið fram við starfsaðferðir né að uppi séu vísbendingar um ámælisverða háttsemi eða athafnaleysi héraðssaksóknara. Nefndin telur héraðssaksóknara hafa sinnt hlutverki sínu samkvæmt lögum nr. 90/1996 og 88/2008. Nefnd um eftirlit með lögreglu telur með hliðsjón af því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [redacted]

**Niðurstaða**

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 7. janúar 2022

Margrét Einarsdóttir
formaður

Skúli Þór Gunnsteinsson

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 20110010

**Ákvörðun nr. 3/2022**

Þann 20. janúar 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 3/2022.

**Málsatvik**

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [redacted] réttindagæslumanni fatlaðs fólks, dags. 17. nóvember 2020. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við skort á svörum við erindum hans til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu í tilefni af kæru skjólstæðings hans vegna meintrar misnotkunar á Facebook aðgangi hans. Í erindinu kemur fram að kvörtunin beinist að [redacted] fulltrúa hjá netafbrotadeild lögreglunnar. Meðfylgjandi erindinu eru tölvupóstar til [redacted] þar sem hann er inntur eftir svörum ásamt því að embættinu eru veittar frekari upplýsingar vegna málsins.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu með bréfi, dags. 30. nóvember 2020. Gögnin bárust nefndinni 3. janúar 2021.

**Forsendur nefndarinnar**

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega

starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar um upplýsingar og gögn með bréfi, dags. 3. janúar 2022.

Í svari lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu bendir embættið á skyldu lögreglu á að gefa verjanda sakbornings færi á að fylgjast með framvindu rannsóknar að svo miklu leyti sem kostur er sbr. 37. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Þá kemur fram að ekki er að sjá í gögnum málsins fyrirspurnir frá lögmanni [redacted] vegna málsins.

3.

Ekki heyrir undir valdsvið nefndarinnar að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála. Hins vegar fellur það undir valdsvið nefndarinnar hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Undir verksvið nefndar um eftirlit með lögreglu fellur að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Í erindi sínu gerir [redacted]athugasemdir við skort á svörum við spurningum hans vegna skjólstæðings hans og að lögreglan hafi ekki sinnt leiðbeiningaskyldu sinni. Í reglugerð nr. 973/2012 um réttindagæslumenn fatlaðs fólks sem sett er með stoð í 3. mgr. 4. gr. laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, nr. 88/2011, kemur fram í 3. gr. að hlutverk réttindagæslumanns er að veita þeim fatlaða einstaklingi, sem á erfitt með að gæta réttinda sinna sjálfur, aðstoð og ráðgjöf, telji hinn fatlaði einstaklingur eða einhver sem stendur honum nærri að réttindi hans séu ekki virt sem skyldi.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Í gögnum málsins liggur fyrir að [redacted] var ekki svarað né leiðbeint þegar hann óskaði eftir upplýsingum á grundvelli stöðu sinnar sem réttindagæslumanns. Með hliðsjón af 1. mgr. 7. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og 2. mgr. 14. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins telur nefnd um eftirlit með lögreglu tilefni til að senda málið til þóknanlegrar meðferðar hjá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu.

**Niðurstaða**

Erindi [redacted] er sent til Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu til þóknanlegrar meðferðar.

Reykjavík, 20. janúar 2022

Skúli Þór Gunnsteinsson
**Formaður**

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 20110011

**Ákvörðun nr. 4/2022**

Þann 12. janúar 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 4/2022.

**Málsatvik**

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi [redacted] þann 26. nóvember 2020. Í erindinu gerir [redacted] athugasemdir við starfsaðferðir lögreglu við skýrslutöku þann 3. október 2020 af honum þegar hann var undir áhrifum lyfja vegna fótbrots eftir slys á bifhjóli og einnig að tekið hafi verið úr honum blóðsýni þegar hann var án meðvitundar.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu með bréfi þann 30. nóvember 2020. Gögnin bárust frá embættinu 8. desember 2021.

**Forsendur nefndarinnar**

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar um gögn með bréfi þann 8. desember 2021. Meðfylgjandi svari embættisins voru niðurstöður blóðsýnatöku og vettvangsskýrsla.

Í svari embættisins kemur fram að ekki séu til upptökur úr búkmyndavélum lögreglumanna á vettvangi þar sem ekki virðist hafa verið kveikt á þeim í umrætt sinn.

3.

Ekki heyrir undir valdsvið nefndarinnar að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála. Hins vegar fellur það undir valdsvið nefndarinnar hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Undir verksvið nefndar um eftirlit með lögreglu fellur að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Með erindi [redacted] er kvartað yfir starfsaðferðum og starfsháttum starfsmanna Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að aðgerðir lögreglu í umrætt sinn hafi verið í samræmi við gildandi lög og verklagsreglur og að ekki séu vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

**Niðurstaða**

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [redacted]

Reykjavík, 12. janúar 2022

Skúli Þór Gunnsteinsson
**formaður**

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: NEL 21010010

**Ákvörðun nr. 5/2022**

Þann 7. janúar 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 5/2022.

**Málsatvik**

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi [redacted] dags. 5. janúar 2021. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við handtöku og vistun í fangaklefa þann [redacted] þegar hún að sögn tók þátt í friðsamlegum mótmælum í dómsmálaráðuneytinu. [redacted] telur lögreglu hafa brotið á rétti hennar til að láta í ljós hugsanir sínar skv. ákvæðum 2. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar og ákvæðum mannréttindasáttmála Evrópu. [redacted] segir í erindi sínu til nefndarinnar að viðbrögð lögreglu hafi stigmagnast dag frá degi þar sem mótmælin áttu sér stað [redacted] 2019. [redacted] segir nokkur þeirra sem tóku þátt í setumótmælunum hafi verið frelsissvipt, handjárnuð og færð í fangageymslur við friðsamleg mótmæli við opinbera stofnun. Þá telur [redacted] að við aðgerðir lögreglu hafi ekki verið horft til þeirra þjóðréttarlegu skuldbindinga sem Ísland hefur undirgengist og aðgerðir lögreglu því ólögmætar þar sem handtakan hafi hvorki uppfyllt skilyrði 15. gr. laga nr. 90/1996 né 2. mgr. 13. gr. og 14. gr. sömu laga og vísar [redacted] einnig til 12. gr. stjórnsýslulaga um meðalhóf.

Þá gerir [redacted] einnig athugasemdir við framkomu lögreglunnar sem leitaði á henni þar sem hún var leidd inn í fangaklefa og beðin um að sýna ofan í nærbuxurnar án nokkurs rökstuðnings eða ástæðu sem henni hafi þótt afar óviðeigandi og óþægilegt. En [redacted] neitaði ítrekað og þurfti að endingu ekki að verða við þeirri beiðni. [redacted] telur þó lögreglukonuna hafa farið fram úr valdheimildum sínum í umrætt sinn með þeirri beiðni.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu með bréfi þann 8. janúar 2021.

**Forsendur nefndarinnar**

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli

lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar, með bréfi þann 16. september 2021. Meðfylgjandi svari embættisins voru gögn málsins og verklagsreglur um fangageymslur en engu myndefni var til að dreifa vegna afskipta lögreglu af [redacted] þar sem upptökum er eytt að 6 mánuðum liðnum en kvörtunin barst nefndinni eftir þann tíma. Í svari lögreglunnar kemur fram að ekki séu gerðar sérstakar skýrslur vegna hefðbundinnar öryggisleitar. Með öryggisleit reynir lögreglan að tryggja að enginn fari með neitt í fangaklefa sem ekki á að fara þangað inn. Leitin fer almennt fram með þeim hætti að hinum handtekna er stillt upp á afmörkuðu svæði á gangi sem liggur að fangaklefum og hann beðinn að láta hendur hvíla á borði fyrir framan sig. Því næst er leitað á honum utan klæða með handaþreifingum og málmleitartæki. Þá er það mat hverju sinni hvort talin er þörf á að viðkomandi afklæðist eða skoða þurfi undir föt hans. Oft gefa handaþreifingar og málmleitartæki vísbendingar um að skoða þurfi betur innanklæða. Þannig sé gætt meðalhófs við öryggisleitina og ekki gengið lengra en þurfa þykir í hvert sinn.

3.

Almennt fellur ekki undir valdsvið nefndarinnar að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála. Hins vegar fellur það undir valdsvið nefndarinnar að meta hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

Almennar málsmeðferðarreglur stjórnsýslulaga gilda um starfsemi lögreglustjóra og er að finna í 3. og 4. kafla laga nr. 37/1993. Þær meginreglur sem þar er að finna kveða á um að stjórnvald hafi leiðbeiningarskyldu og skuli taka ákvarðanir í málum svo fljótt sem auðið er og skýra málsaðila frá því ef afgreiðsla máls muni tefjast og hvenær ákvörðunar er að vænta.

4.

Undir verksvið nefndar um eftirlit með lögreglu fellur að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Yfirferð nefndarinnar leiddi í ljós að hluti kvörtunar varðar beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga og heyrir þar með ekki undir valdsvið nefndarinnar sbr. 3. kafla.

Hvað varðar athugasemdir [redacted] vegna framkomu lögreglu sem leitaði á henni áður en hún var leidd inn í fangaklefa, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin áréttar þó mikilvægi þess að meðalhófs sé gætt í hvívetna við framkvæmd líkamsleitar og að ekki sé leitað innanklæða nema sérstök ástæða sé til.

**Niðurstaða**

Fyrri hluta erindis [redacted] er varðar beitingu úrræða er vísað frá með vísan til 3. kafla.

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [redacted]

Reykjavík, 7. janúar 2022

Margrét Einarsdóttir
formaður

Grímur Sigurðarson

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: NEL 21030011

**Ákvörðun nr. 6/2022**

Þann 12. janúar 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 6/2022.

**Málsatvik**

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi [redacted] þann 15. mars 2021. Í erindinu gerir [redacted] athugasemdir við afskipti lögreglu af honum vegna hraðaksturs þann 7. febrúar 2021. [redacted] segir lögreglu hafa gefið sér rangar upplýsingar um sviptingu ökuréttinda. Hann hafi ranglega verið sviptur ökuréttindum á staðnum vegna hraðaksturs síns en síðar fengið símtal frá embætti Lögreglustjórans á Suðurlandi þar sem honum var tjáð að hann mætti keyra þar til sektargerðin myndi berast honum. [redacted] kveðst hafa orðið fyrir miklum kostnaði og vandræðum vegna þessa. Þá segir [redacted] einnig í erindi sínu að lögregla hafi haft uppi rangfærslur um afleiðingarnar af sviptingunni og hversu löng svipting ökuréttindanna yrði.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á Suðurlandi með bréfi þann 22. mars 2021 og Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu með bréfi þann 7. september 2021.

**Forsendur nefndarinnar**

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega

starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Suðurlandi svaraði beiðni nefndarinnar frá 22. mars 2021, með bréfi þann 2. apríl 2021. Í svari embættisins kom fram að málið hefði komið upp eins og hvert annað hefðbundið hraðakstursmál. Hraði ökutækis [redacted] hafi mælst á allt að [redacted] en hraðinn hafi verið læstur í hraðratsjá lögreglubifreiðar á [redacted] Að teknu tilliti til vikmarka hafi kærður hraði verið [redacted] hafi gengist við sök á staðnum og ritað hafi verið hefðbundið vettvangsform um afskiptin.

Lögreglumenn á vettvangi hafi gert sér grein fyrir því að brot [redacted] varðaði sviptingu ökuréttinda í einn mánuð, en fyrir mistök hafi hann verið sviptur ökuréttindum til bráðabirgða, eins og gert væri þegar háttsemi varðaði a.m.k. þriggja mánaða sviptingu ökuréttinda. Nokkrum mínútum eftir að [redacted] hafi yfirgefið lögreglustöð, eftir að hafa undirritað skjal um sviptingu ökuréttarinda til bráðabirgða, hafi framangreint uppgötvast og strax haft samband við [redacted] símleiðis og honum gerð grein fyrir stöðunni. Honum hafi verið boðið að láta sviptinguna halda gildi sínu og ljúka þannig fyrr, eða halda ökuréttindunum allt þar til hann hefði undirritað sektargerð lögreglustjóra, sem framundan var þá næstu daga á eftir, og sviptingartímabilið þannig frestast. [redacted] hafi kosið að láta sviptingu ökuréttar taka gildi við undirritun sektargerðar og hafi svipting hans því verið felld niður að sinni. [redacted] hafi síðan undirritað sektargerð þann [redacted] á lögreglustöð í Reykjavík.

Þegar [redacted] hafi ætlað að nálgast ökuskírteini sitt að nýju að sviptingartímabili loknu hafi honum verið synjað um afhendingu þess, þar sem hann þyrfti að sækja sérstakt námskeið og standast ökupróf að nýju, sbr. 7. mgr. 63. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. [redacted] hafi þá haldið því fram að bæði lögreglumenn hjá LSL og LRH hafi fullyrt að hann þyrfti ekki að undirgangast slíkt námskeið og standast ökupróf að nýju.

Í svari embættisins sagði einnig að sviptingu ökuréttinda til bráðabirgða væri að jafnaði beitt þegar fyrir lægi að háttsemi varðaði a.m.k. þriggja mánaða sviptingu. Í 1. mgr. 102. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 væri þó tekið fram að þegar lögreglustjóri teldi skilyrði til sviptingar ökuréttar vera fyrir hendi skyldi svipta ökumann ökuréttindum til bráðabirgða svo fljótt sem unnt væri. Þá væri þess getið í 2. mgr. sama ákvæðis að sviptingartími skv. 1. mgr. drægist frá endanlegum sviptingartíma. Þannig hafi [redacted] verið sviptur ökuréttindum til bráðabirgða í andstöðu við hefðbundið verklag, en þó í fullu samræmi við gildandi lög.

Sagði embættið einnig að lögreglumenn LSL könnuðust ekki við að hafa veitt [redacted] rangar upplýsingar um þýðingu sviptingar ökuréttinda. Embættið gæti ekki svarað fyrir meintar sömu sakir lögreglumanna LRH, sem önnuðust birtingu sektargerðarinnar. Draga mætti þó í efa að sömu röngu upplýsingar hafi verið veittar [redacted] af fleiri en tveimur starfsmönnum hjá tveimur embættum vegna afgreiðslu sama máls. Þá kæmu skýrar upplýsingar um þýðingu sviptingarinnar á sektargerð sem [redacted] undirritaði þann 12. febrúar 2021.

Þá hafnar embættið að [redacted] hafi mætt neikvæðu viðmóti starfsmanna LSL, heldur hafi lögregla þvert á móti reynt allt frá upphafi að leiðbeina og greiða götu hans.

Í svari LRH frá 25. október 2021 kemur fram að birting sektargerðar hafi verið með þeim hætti að [redacted] kom á lögreglustöðina á [redacted] til að skrifa undir sektargerð. Bókun í því máli beri með sér að lögreglan á Suðurlandi hafi hringt í [redacted] og óskað eftir því við hann að skrifaði undir sektargerð í málinu. [redacted] hafi óskað eftir því að fara á lögreglustöð á höfuðborgarsvæðinu [redacted] Sektargerð sú sem [redacted] skrifaði undir hjá LRH ber með sér að hafa verið prentuð út úr máli nr. [redacted] og skrifað undir. Umrædd sektargerð var skönnuð inn í málið af starfsmanni LRH.

LRH vísar í svari sínu til þess að Lögreglan á Suðurlandi hafi forræði á umræddu máli og beina skuli beiðni um upplýsingar og afrit af frekari gögnum þangað. Lögreglumaður sá sem afgreiddi umrædda sektargerð kvaðst aðspurður ekki muna annað en að [redacted] hafi komið á lögreglustöðina við [redacted] Hann kvaðst ekki muna hvað þeim fór á milli eða hvort hann hafi eitthvað tjáð sig um það sem stóð í sektargerðinni. Eina aðkoma hans var að afhenda [redacted] sektargerðina til undirritunar og að senda hana til lögreglunnar á Suðurlandi. Ekki er um að ræða að til séu myndupptökur af samskiptunum.

3.

Ekki heyrir undir valdsvið nefndarinnar að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála. Hins vegar fellur það undir valdsvið nefndarinnar hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

Almennar málsmeðferðarreglur stjórnsýslulaga gilda um starfsemi lögreglustjóra og er að finna í 3. og 4. kafla laga nr. 37/1993. Þær meginreglur sem þar er að finna kveða á um að stjórnvald hafi leiðbeiningaskyldu og skuli taka ákvarðanir í málum svo fljótt sem auðið er og skýra málsaðila frá því ef afgreiðsla máls muni tefjast og hvenær ákvörðunar er að vænta.

4.

Undir verksvið nefndar um eftirlit með lögreglu fellur að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Með erindi [redacted] eru gerðar athugasemdir við afskipti lögreglu af honum vegna hraðaksturs þann [redacted] og er ljóst að athugasemdirnar varða starfshætti starfsmanna Lögreglustjórans á Suðurlandi.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á Suðurlandi og Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Yfirferð nefndarinnar leiddi í ljós að ekkert athugavert hafi komið fram við starfsaðferðir né að uppi séu vísbendingar um ámælisverða háttsemi lögreglu. Nefndin telur lögreglu hafa sinnt

hlutverki sínu samkvæmt lögum nr. 90/1996. Nefnd um eftirlit með lögreglu telur með hliðsjón af því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [redacted]

**Niðurstaða**

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [redacted]

Reykjavík, 12. janúar 2022

Skúli Þór Gunnsteinsson
**formaður**

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: NEL 21040001

# Ákvörðun nr. 7/2022

Þann 12. janúar 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 7/2022.

## Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi [redacted] móður [redacted] þann 30. mars 2021. Í erindinu gerir [redacted] athugasemdir við handtöku á [redacted] og nokkrum öðrum [redacted] þann 21. mars 2021 á [redacted] [redacted] gerir athugasemdir við misvísandi upplýsingar lögreglu til forráðamanna [redacted] en [redacted] því ólögráða. [redacted] er einnig ósátt við að [redacted] hafi verið í haldi lögreglu í 5 klukkutíma eftir að skýrslutöku lauk og ekki verið haft samband við hana til að vera viðstödd skýrslutökuna. Hún hafi margsinnis hringt í lögreglu daginn eftir handtökuna og beðið um að fá að vera viðstödd. Þá hafi [redacted] hvorki fengið að hitta lögfræðing né barnaverndarfulltrúa fyrr en síðdegis daginn eftir handtöku. Í erindinu segir einnig að [redacted] hafi verið vistaður í 23 klukkustundir í fangaklefa lögreglu og að lögregla hafi tekið síma hans af honum við handtöku og hann ekki fengið hann til baka fyrr en 8 dögum seinna.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra með bréfi þann 12. apríl 2021.

## Forsendur nefndarinnar

### 1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að

háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra svaraði beiðni nefndarinnar frá 12. apríl 2021, með bréfi þann 24. maí 2021. Meðfylgjandi svari embættisins voru gögn í málinu.

Í gögnum málsins kemur fram að þann 21. mars 2021 hafi lögregla verið kölluð til á Sjúkrahúsið á Akureyri vegna líkamsárásar sem hafi átt sér stað skömmu áður við [redacted] á Akureyri. Þar hafi verið stödd fimm ólögráða ungmenni á aldrinum [redacted] og hafi tvö þeirra verið með áverka eftir árásina. Fram kom hjá ungmennunum að þau hafi öll verið saman í bifreið á leiðinni á [redacted] þar sem einn úr hópnum hafi verið búinn að mæla sér mót við aðila [redacted] Stuttu síðar hafi komið þar að önnur bifreið og tveir karlmenn stigið út. Annar þeirra hafi komið að bifreið þeirra til að ræða við þann [redacted] og sá hafi síðan veist að þeim sem var að [redacted] og hrifsað það af honum. Þá hafi hinn [redacted] komið hlaupandi og lamið til þess sem var að [redacted] með kylfu eða hamri, auk þess sem hann hafi gengið aftur fyrir bifreiðina og brotið rúður í afturhlera bifreiðarinnar og aðra afturrúðuna.

Skömmu síðar hafi bifreið sem svaraði til lýsinga ungmennanna verið stöðvuð og í bifreiðinni verið sex ungmenni. Grunur hafi vaknað um að þetta væru gerendur í málinu þar sem lýsing farþeganna passaði. Lögreglumennirnir hafi fengið að skoða bifreiðina og fannst þá [redacted] sem passaði við lýsingu. Tekin hafi verið ákvörðun um að handataka þá sem í bifreiðinni voru vegna gruns um líkamsárás og hafi þeim á vettvangi verið kynnt réttarstaða sakborninga.

Ljóst hafi verið að málið væri umfangsmikið og var mikilvægt vegna rannsóknarhagsmuna að ná utan um málið, tryggja sönnunargögn og upplýsa um þátt hvers og eins í brotinu. Hafi því verið tekin ákvörðun um að vista sakborninga á lögreglustöð. Um það bil tveimur klukkustundum eftir að sakborningarnir voru handteknir hafi verið haft samband við fulltrúa barnaverndar á Akureyri, móður [redacted] og fulltrúa barnaverndar Reykjavíkur þar sem [redacted]

Þá kemur fram í gögnunum að [redacted] móðir [redacted] hafi mætt á lögreglustöðina á Akureyri kl. [redacted] daginn eftir handtökuna og hún verið upplýst um að haft yrði samband við hana þegar [redacted] yrði tekinn í skýrslutöku. [redacted] hafi hringt á lögreglustöðina um kl. [redacted] sama dag og fengið upplýsingar um stöðu máls. Skýrsla hafi verið tekin af [redacted] kl. [redacted] en viðstaddir hana hafi verið tveir rannsóknarlögreglumenn, tilnefndur verjandi [redacted] og fulltrúi Barnaverndar. Ekki hafi verið gerðar athugasemdir við framkvæmd skýrslutökunnar af hálfu sakbornings, tilnefnds verjanda eða fulltrúa barnaverndar. [redacted] hafi verið látinn laus kl. [redacted] sama dag, þegar rannsóknarhagsmunir stóðu ekki lengur í vegi fyrir því að hann yrði látinn laus.

Í gögnunum kemur einnig fram að þegar [redacted] hafi verið handtekinn hafi verið lagt hald á síma hans í þágu rannsóknar málsins og hann undirritað heimild lögreglu til öflunar gagna úr síma- og tölvubúnaði daginn eftir. Tveimur dögum síðar hafi [redacted] haft

samband við rannsóknarlögreglumann og lesið honum pistilinn fyrir að hafa haldlagt síma [redacted] Hún teldi engar forsendur vera fyrir því að halda símanum og krafðist þess að fá hann afhentan. Sama dag hafi verið ákveðið að senda símann til tæknideildar LRH til frekari rannsóknar. Þann 26. mars hafi [redacted] hringt á lögreglustöðina og verið mjög ósátt við að hafa ekki fengið símann afhentan og afturkallaði heimild til rannsóknar á símanum. Þremur dögum síðar hafi [redacted] hringt aftur á lögreglustöðina og verið afar ósátt við að hafa ekki fengið upplýsingar um hvar síminn væri. Hún kvaðst hafa hringt í munadeild LRH og fengið þær upplýsingar að síminn væri ekki þar. Var hún þá upplýst um að síminn hafi ekki verið sendur í munadeild heldur til rannsakara hjá LRH. Þann 30. mars 2021 hafi móðir [redacted] veitt samþykki fyrir því að síminn yrði skoðaður með því skilyrði að rannsókninni yrði hraðað eins og kostur væri. Sama dag hafi verið haft samband við tæknirannsóknardeild og ákveðið að síminn yrði rannsakaður daginn eftir.

Í gögnunum segir jafnframt að [redacted] hafi átt fjölmörg samskipti við saksóknarfulltrúa og aðra starfsmenn embættisins. Á sama tíma hafi tilnefndur verjandi [redacted] einnig átt í ítrekuðum samskiptum við rannsakara og saksóknarfulltrúa.

3.

Ekki heyrir undir valdsvið nefndarinnar að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála. Hins vegar fellur það undir valdsvið nefndarinnar hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

Almennar málsmeðferðarreglur stjórnsýslulaga gilda um starfsemi lögreglustjóra og er að finna í 3. og 4. kafla laga nr. 37/1993. Þær meginreglur sem þar er að finna kveða á um að stjórnvald hafi leiðbeiningaskyldu og skuli taka ákvarðanir í málum svo fljótt sem auðið er og skýra málsaðila frá því ef afgreiðsla máls muni tefjast og hvenær ákvörðunar er að vænta.

4.

Undir verksvið nefndar um eftirlit með lögreglu fellur að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Með erindi [redacted] eru gerðar athugasemdir við starfshætti lögreglu vegna handtöku og vistunar [redacted] sonar [redacted] í fangaklefa þann [redacted]

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra. Yfirferð nefndarinnar leiddi í ljós að ekkert athugavert hafi komið fram við starfsaðferðir lögreglu. Nefndin telur lögreglu hafa aðhafst innan þeirra heimilda sem lögreglu eru gefnar með lögum nr. 90/1996 líkt og gögn

málsins bera með sér. Nefndin hefur því ekki forsendur til að aðhafast frekar vegna þess erindis [redacted]

**Niðurstaða**

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [redacted]

Reykjavík, 12. janúar 2022

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: NEL 21040002

## Ákvörðun nr. 8/2022

Þann 12. janúar 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 8/2022.

### Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi [redacted] föður [redacted] þann 7. apríl 2021. Í erindinu gerir [redacted] athugasemdir við handtöku lögreglustjórans á Norðurlandi eystra á [redacted] ásamt öðrum ólögráða drengjum þann 21. mars 2021. [redacted] gerir athugasemdir við skort á tilkynningu lögreglu til forráðamanna um handtökuna og vistun [redacted] í fangaklefa lögreglu. Þá gerir [redacted] athugasemdir við að lögreglukona hafi svarað í síma [redacted] þegar að [redacted] hringdi í hann og var honum þá tilkynnt um málavexti. Þá segir [redacted] að þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir hafi sér og eiginkonu hans verið meinað um að vera viðstödd skýrslutöku lögreglu af [redacted]

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra með bréfi þann 12. apríl 2021.

### Forsendur nefndarinnar

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra svaraði beiðni nefndarinnar frá 12. apríl 2021, með bréfi þann 21. júní 2021. Meðfylgjandi svari embættisins voru gögn í málinu.

Í gögnum málsins kemur fram að þann 21. mars 2021 hafi lögregla verið kölluð til á Sjúkrahúsið á Akureyri vegna líkamsárásar sem hafi átt sér stað skömmu áður við [redacted] á Akureyri. Þar hafi verið stödd fimm ólögráða ungmenni á aldrinum [redacted] og hafi tvö þeirra verið með áverka eftir árásina. Fram kom hjá ungmennunum að þau hafi öll verið saman í bifreið á leiðinni á [redacted] þar sem einn úr hópnum hafi verið búinn að mæla sér mót við aðila sem ætlaði að kaupa af honum [redacted] Stuttu síðar hafi komið þar að önnur bifreið og tveir karlmenn stigið út. Annar þeirra hafi komið að bifreið þeirra til að ræða við þann sem var að selja [redacted] og sá hafi síðan veist að þeim sem var að selja [redacted] og hrifsað það af honum. Þá hafi hinn karlmaðurinn komið hlaupandi og lamið til þess sem var að selja [redacted] með kylfu eða hamri, auk þess sem hann hafi gengið aftur fyrir bifreiðina og brotið rúður í afturhlera bifreiðarinnar og aðra afturrúðuna.

Skömmu síðar hafi bifreið sem svaraði til lýsinga ungmennanna verið stöðvuð og í bifreiðinni verið [redacted] ungmenni. Grunur hafi vaknað um að þetta væru gerendur í málinu þar sem lýsing farþeganna passaði. Lögreglumennirnir hafi fengið að skoða bifreiðina og fannst þá [redacted] sem passaði við lýsingu. Tekin hafi verið ákvörðun um að handataka þá sem í bifreiðinni voru vegna gruns um líkamsárás og hafi þeim á vettvangi verið kynnt réttarstaða sakborninga.

Ljóst hafi verið að málið væri umfangsmikið og var mikilvægt vegna rannsóknarhagsmuna að ná utan um málið, tryggja sönnunargögn og upplýsa um þátt hvers og eins í brotinu. Hafi því verið tekin ákvörðun um að vista sakborninga á lögreglustöð. Nokkrum klukkustundum eftir að sakborningarnir voru handteknir hafi verið haft samband við fulltrúa barnaverndar á Akureyri og fulltrúa barnaverndar í [redacted] þar sem [redacted] er búsettur.

Þá kemur fram í gögnunum að foreldrar [redacted] hafi mætt á lögreglustöðina á Akureyri u.þ.b. tveimur klukkustundum eftir að [redacted] var handtekinn og hafi þeir verið upplýstir um gang mála. Móðir [redacted] hafi komið á lögreglustöðina kl. [redacted] þann 22. mars og óskað eftir upplýsingum um stöðu máls. Henni hafi verið gert grein fyrir stöðu máls. Tekin hafi verið skýrsla af [redacted] kl. 16:26 en viðstaddir hana hafi verið tveir rannsóknarlögreglumenn, tilnefndur verjandi [redacted] og fulltrúi Barnaverndar. Ekki hafi verið gerðar athugasemdir við framkvæmd skýrslutökunnar af hálfu sakbornings, tilnefnds verjanda eða fulltrúa barnaverndar. [redacted] hafi verið látinn laus kl. [redacted] sama dag, þegar rannsóknarhagsmunir stóðu ekki lengur í vegi fyrir því að hann yrði látinn laus.

Í gögnunum kemur einnig fram að eftir að [redacted] hafi verið handtekinn hafi hann óskað eftir að hringt yrði í foreldra sína og þau látin vita. Þá hafi sími hans hringt látlaust og vildi [redacted] fá að svara í símann þar sem móðir hans var að hringja. Eftir að hafa ráðfært sig við aðalvarðstjóra hafi lögreglukona svarað í síma hans og upplýst föður hans um að hann hafi verið handtekinn og væri á lögreglustöðinni á Akureyri. Hafi það meðal annars verið gert þar sem fram hafi komið í viðræðum við drengina að hluti þeirra væri á Akureyri með foreldrum [redacted] Þar með hafi foreldrum [redacted] verið tilkynnt um handtöku hans

og að hann væri á lögreglustöðinni á Akureyri. Eftir að búið hafi verið að skrá og vista sakborningana og þeir komnir í klefa hafi verið farið í að hafa samband við forráðamenn þeirra og hafi þá aftur verið hringt í foreldra [redacted] sem voru þá staddir á bifreiðastæði við lögreglustöðina á Akureyri. Þeim hafi verið boðið að koma inn og hafi þeim verið gefnar upplýsingar um stöðu máls.

Varðandi það að foreldrar [redacted] hafi ekki fengið að vera viðstödd skýrslutöku af [redacted] þrátt fyrir að hafa ítrekað óskað eftir því, þá bendi embættið á að viðstaddir skýrslutöku ásamt rannsóknarlögreglumönnum hafi verið tilnefndur verjandi [redacted] og fulltrúi barnaverndar, sbr. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 88/2008. Þrátt fyrir að um ólögráða einstakling væri að ræða ættu forráðamenn ekki skýlausan rétt á að vera viðstaddir skýrslutökur af börnum sínum sér í lagi ef það væri talið geta haft áhrif á skýrslutökur.

3.

Ekki heyrir undir valdsvið nefndarinnar að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála. Hins vegar fellur það undir valdsvið nefndarinnar hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

Almennar málsmeðferðarreglur stjórnsýslulaga gilda um starfsemi lögreglustjóra og er að finna í 3. og 4. kafla laga nr. 37/1993. Þær meginreglur sem þar er að finna kveða á um að stjórnvald hafi leiðbeiningaskyldu og skuli taka ákvarðanir í málum svo fljótt sem auðið er og skýra málsaðila frá því ef afgreiðsla máls muni tefjast og hvenær ákvörðunar er að vænta.

4.

Undir verksvið nefndar um eftirlit með lögreglu fellur að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Með erindi [redacted] eru gerðar athugasemdir við starfshætti lögreglu vegna handtöku og vistunar [redacted] sona[redacted] í fangaklefa þann 4. apríl 2021.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi[redacted]g þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra. Yfirferð nefndarinnar leiddi í ljós að ekkert athugavert hafi komið fram við starfsaðferðir lögreglu. Nefndin telur lögreglu hafa aðhafst innan þeirra heimilda sem lögreglu eru gefnar með lögum nr. 90/1996 og lögum nr. 88/2008 líkt og gögn málsins bera með sér. Nefndin hefur því ekki forsendur til að aðhafast frekar vegna þess erindis [redacted]

**Niðurstaða**

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [redacted]

Reykjavík, 12. janúar 2022

Skúli Þór Gunnsteinsson
**formaður**

**Kristín Edwald**

Þorbjörg I. Jónsdóttir

**NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU**
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 21050003

## Ákvörðun nr. 9/2022

Þann 20. janúar 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 9/2022.

### Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi [redacted] dags. 5. maí 2021. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir lögreglu vegna andláts [redacted] þann [redacted] 2021. Í erindinu segir að lögreglan hafi tilkynnt [redacted] um andlátið samdægurs en síðan hafi ekkert verið haft samband við fjölskylduna varðandi framgöngu málsins og kvartar [redacted] yfir eftirfarandi þáttum:

- *„Að ekkert samband hafi verið haft við aðstandendur varðandi málið, rannsókn þess og tafir á því.*
- *Að engin rannsókn virðist vera í gangi á andlátinu, ástæðu þess, kringumstæðum og starfsemi* [redacted]
- *Að krufningsskýrsla, dánarorsök og dánardagur liggi ekki fyrir nú nærri* [redacted]

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu með bréfi þann 1. júní 2021.

### Forsendur nefndarinnar

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða

ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar, með bréfi þann 8. desember 2021. Meðfylgjandi svari embættisins voru gögn málsins, frumskýrsla, skýrsla rannsóknarlögreglumanns og skýrsla tæknideildar. Einnig var krufningarskýrsla meðfylgjandi og dagbók málsins.

Fram kemur í svari embættisins að ekki er að sjá á gögnum málsins að [redacted] hafi beina aðkomu að málinu eða að hún hafi verið í samskiptum við embættið vegna málsins. Eins kemur fram að krufningarskýrsla málsins hafi legið fyrir um [redacted] eftir andlátið og hafi þá [redacted] hins látna verið veittar upplýsingar um niðurstöðu hennar í kjölfarið.

3.

Almennt fellur ekki undir valdsvið nefndarinnar að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála. Hins vegar fellur það undir valdsvið nefndarinnar hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

Almennar málsmeðferðarreglur stjórnsýslulaga gilda um starfsemi lögreglustjóra og er að finna í 3. og 4. kafla laga nr. 37/1993. Þær meginreglur sem þar er að finna kveða á um að stjórnvald hafi leiðbeiningaskyldu og skuli taka ákvarðanir í málum svo fljótt sem auðið er og skýra málsaðila frá því ef afgreiðsla máls muni tefjast og hvenær ákvörðunar er að vænta.

4.

Undir verksvið nefndar um eftirlit með lögreglu fellur að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Yfirferð nefndarinnar leiddi í ljós að hluti kvörtunar [redacted] varðar ákvörðun lögreglu um hvernig framkvæmd rannsóknar máls skuli háttað. Það mat lögreglu getur nefnd um eftirlit með lögreglu ekki endurmetið með vísan til 3. kafla ákvörðunar og er þeim þætti erindisins vísað frá. Hvað varðar aðra þætti kvörtunarinnar telur nefndin að ekki séu vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996.

**Niðurstaða**

Þeim hluta erindisins er varðar rannsókn málsins er vísað frá.

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [redacted]

Reykjavík, 20. janúar 2022

Skúli Þór Gunnsteinsson
**formaður**

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: NEL 21050007

## Ákvörðun nr. 10/2022

Þann 20. janúar 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 10/2022.

### Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi [redacted] dags. 1. maí 2021. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við meinta upplýsingagjöf embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu til [redacted] um niðurstöðu frumrannsóknar í máli vegna árásar á heimili [redacted] að [redacted] þann 3. febrúar 2021.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu með bréfi, dags. 2. júní 2021. Einnig óskaði nefndin eftir upplýsingum frá ríkislögreglustjóra um uppflettingar í kerfum lögreglu vegna málsins og miðlunar þeirra upplýsinga, dags. 2. júní sl.

### Forsendur nefndarinnar

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar um upplýsingar og gögn með bréfi, dags. 17. ágúst 2021.

Í bréfi Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu kemur fram að í gögnum sakamálsins sem til meðferðar er hjá ákærusviði kemur ekki fram að [redacted] hafi verið veittar upplýsingar um málið.

Í svari frá ríkislögreglustjóra þann 26. nóvember 2021 er að finna allar uppflettingar í LÖKE vegna málsins ásamt skýringum.

3.

Ekki heyrir undir valdsvið nefndarinnar að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála. Hins vegar fellur það undir valdsvið nefndarinnar hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Undir verksvið nefndar um eftirlit með lögreglu fellur að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Í erindi sínu gerir [redacted] athugasemdir við meintan upplýsingaleka lögreglu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu og ríkislögreglustjóra. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996. Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [redacted]

**Niðurstaða**

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast vegna erindis [redacted]

Reykjavík, 20. janúar 2022

Skúli Þór Gunnsteinsson
**Formaður**

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: NEL 21060003

## Ákvörðun nr. 11/2022

Þann 12. janúar 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 11/2022.

### Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi [redacted] lögmanns f.h. [redacted] þann 24. júní 2021. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfshætti og starfsaðferðir Lögreglustjórans á Suðurnesjum. Fram kemur að [redacted] hafi verið stöðvaður af starfsmönnum Lögreglustjórans á Suðurnesjum þar sem hann ók með kerru í eftirdragi en annað dekkið á kerrunni hafi verið á felgunni. Eftir stutt orðaskipti sem lotið hafi að beiðni lögreglu um blástur í áfengismæli, hafi lögreglan opnað bíldyrnar og gefið [redacted] fyrirmæli um að stíga út úr bifreiðinni. Í sömu andrá hafi beiðni um blástur verið ítrekuð og öndunarprófsmælirinn borinn upp að vörum [redacted]. Þegar [redacted] hafi lokið við að blása í mælinn og mælingin komin í ljós hafi [redacted] skýrt út fyrir lögreglumanninum að hann hafi ekki [redacted] þá hafi [redacted] stigið út úr bifreiðinni vegna fyrri fyrirmæla þar um og gert sig líklegan til að ganga í átt að kerrunni. Lögreglumaðurinn hafi hindrað för hans og ýtt ákveðið í bringu [redacted] og spurt hann ítrekað hvað hann sé gera. Við þetta hafi [redacted] brugðið og borið fyrir sig hendur, án þess þó að ýta á móti. Í kjölfarið hafi lögreglumaðurinn reynt að ýta [redacted] aftur inn í bifreiðina með því að þrýsta ofan á höfuð hans þrátt fyrir beiðni [redacted] um að taka ekki harkalega á sér. Þar sem [redacted] vissi hann að líkami hans þyldi ekki átökin og voru það ósjálfráð varnarviðbrögð hans að halda sér í bifreiðina og reyna að koma þannig í veg fyrir að vera þvingaður niður og lenda harkalega. Af sömu ástæðu hafi hann lagt hönd yfir axlir lögreglunnar. Aðgerðir lögreglu hafi endað með þeim hætti að [redacted] hafi verið beittur piparúða, ýtt harkalega í jörðina og verið handtekinn.

Jafnframt kemur fram í erindinu að [redacted] telji sig hafa verið beittann órétti af hálfu lögreglu, meðalhófs hafi ekki verið gætt og aðgerðir lögreglu gengið í berhögg við 2. mgr. 13. gr. og 14. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 og meginreglur stjórnsýsluréttar. Meðferð lögreglu á honum hafi að hans sögn verið óþörf og ómannúðleg, ekki síst afskiptaleysið eftir að á lögreglustöð var komið. En þar hafi [redacted] verið færður í fangaklefa og hvorki fengið vott né þurrt og ekki tækifæri til þess að skola piparúða úr augunum.

### Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar

en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

## 2.

Nefnd um eftirlit með lögreglu bárust gögn í málinu með tilkynningu Lögreglustjórans á Suðurnesjum þann 6. júlí og viðbótargögn 20. september 2021. Þau gögn sem fylgdu með tilkynningunni voru lögregluskýrslur vegna málsins, upptökur úr búkmyndavélum lögreglu af afskiptunum og eyewitness búnaði úr lögreglubifreið, þar má þó aðeins heyra hljóðupptöku en enga myndbandsupptöku er að sjá á meðan upptaka er í gangi. Nefndin óskaði eftir því að fá upptökuna með myndbandi frá embættinu en samkvæmt skýringu þess virðist svo sem myndavélin innan í bifreiðinni [redacted] hafi verið biluð í umrætt sinn.

Samkvæmt gögnum málsins barst lögreglu tilkynning þann 21. júlí 2020 um að ökumaður æki með eftirvagn í eftirdragi en hjólbarða vantaði á eftirvagninn. Í lögregluskýrslu kemur fram að [redacted] hafi strax frá upphafi verið ósamvinnuþýður og brugðist illa við afskiptum lögreglu. Aðspurður kvaðst [redacted] vera fullkomlega meðvitaður um að hjólbarðann vantaði öðru megin á kerruna en taldi sig samt sem áður hafa fulla stjórn á kerrunni og að hann væri ekki að valda neinni hættu í umferðinni. Í kjölfarið voru gerðar ítrekaðar tilraunir til að fá [redacted] til að láta í té öndunarpróf og gekk það að lokum og sýndi mælirinn [redacted] Að því loknu spurði lögreglumaður [redacted] hvort hann ætti mál hjá lögreglu. [redacted] steig þá út úr bílnum og sýndi af sér mjög ógnandi hegðun. Lögreglumaðurinn ýtti þá [redacted] frá sér og gaf honum fyrirmæli um að fara frá sér og setjast inn í bifreið sína. [redacted] varð ekki við þeim fyrirmælum og því komu til átök við að koma [redacted] í lögreglutök þar sem hann streittist á móti. Varnarúða var breitt gegn [redacted] og að lokum honum komið í handjárn. Í framhaldinu var [redacted] tilkynnt að hann væri handtekinn.

Einnig kemur fram í svari embættisins að engar sérstakar verklagsreglur séu um notkun piparúða en um notkun hans gildi reglur um valdbeitingu lögreglumanna og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna. Ljóst sé þó af gögnum málsins að ekki hafi verið fært til bókar í lögreglukerfinu hvernig fyrstu hjálp var sinnt á kvartanda og eins hvort honum hafi verið færður matur eða drykkur. Yfirlögregluþjónn embættisins ræddi við þá lögreglumenn sem sinntu kvartanda og bar þeim saman um að þeir hafi aðstoðað kvartanda við að skola

gasið úr andliti og hári. Jafnframt hafi honum verið boðið kælikrem og ráðlagt hvernig væri best að meðhöndla þetta. Rannsóknarlögreglumaðurinn sem tók framburðarskýrslu af kvartanda fullyrðir að hann hafi fengið kaffi og fengið að [redacted]

Embættið telur ekki ástæðu til að draga frásagnir lögreglumannanna í efa en mun ítreka það við starfsmenn sína að allar aðgerðir lögreglu eiga að vera færðar til bókar í lögreglukerfinu.

3.

Ekki heyrir undir valdsvið nefndarinnar að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála. Hins vegar fellur það undir valdsvið nefndarinnar hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum. Af upptökum úr búkmyndavélum og eyewitness kerfum lögreglubifreiða má sjá greinilega hvernig atvikum var háttað. Í gögnum málsins liggur fyrir að [redacted] var afar ósamvinnuþýður þegar hann var beðinn um að blása í öndunarprófsmæli. Uppökur sýna þegar lögreglumaður opnar hurð ökutækisins og gefur [redacted] fyrirmæli um að koma út úr bifreiðinni sem hann hlýðir ekki. [redacted] blæs að lokum í öndunarprófsmælinn og var niðurstaðann [redacted] eins og fram hefur komið. Lögreglumaður á vettvangi segir því næst að hann fari ekki lengra með kerruna. Þegar lögreglumaðurinn spyr síðan hvort [redacted] eigi ólokin mál hjá lögreglunni stigur [redacted] út úr bifreiðinni. Erfitt er að greina á upptökum hvort [redacted] hafi ætlað að fara að skoða kerruna með lögreglumanninum eða verið að ógna lögreglumanninum með því að ganga upp að honum. Hver svo sem ætlan [redacted] hafi verið þá virðist sem [redacted] fari þannig inn fyrir þægindaramma lögreglumannsins sem túlkar það sem ógnun við sig og bregst við með því að ýta [redacted] frá sér og skipar honum að setjast aftur inn í bifreiðina. Hefst þá atburðarrás sem endar þannig að [redacted] er handjárnaður fyrir aftan bak með varnarúða í andliti.

Við mat á viðbrögðum lögreglumannsins og lögreglu á vettvangi þegar [redacted] stígur út úr bifreiðinni verður að líta til aðstæðna á vettvangi og þess mótþróa sem [redacted] hafði sýnt í samskiptum sínum við lögregluna nokkrum mínútum áður en hann stígur út úr bifreiðinni.

Afskipti lögreglu af [redacted] eru við hraðbraut þar sem svigrúm lögreglumannsins til að athafna sig er lítið. Lögreglumaðurinn stendur þannig að ef hann hefði hörfað undan [redacted] þá hefði hann hæglega getað hörfað út á hraðbrautina. Á sama tíma og lögreglumaðurinn ýtir við [redacted] sést bifreið aka hjá. Það þýðir hins vegar ekki að á lögreglumönnum hvílir ekki skylda

að vega og meta aðstæður hverju sinni og vega og meta þá einstaklinga sem þeir eru að eiga við í það og það skiptið. Í þessu tilviki er það hins vegar mat nefndarinnar að viðbrögð lögreglu, miðað við aðstæður, hafi verið réttar og handtakan og beiting varnarúða og annars búnaðar í samræmi við reglur. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtun [redacted] og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast vegna erindis [redacted] frá 24. júní 2021.

**Niðurstaða**

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [redacted]

Reykjavík, 12. janúar 2022

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: NEL 21050002

**Ákvörðun nr. 12/2022**

Þann 20. janúar 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 12/2022.

**Málsatvik**

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi [redacted] f.h. sonar síns, [redacted] þann 23. apríl 2021, samkvæmt umboði. Í erindinu gerir [redacted] athugasemdir við meint ítrekað áreiti lögreglu gagnvart [redacted] Segir [redacted] að [redacted] sé ítrekað stöðvaður við akstur og færður í blóðprufu, bíllyklar teknir af honum og það sé alltaf tiltekin lögreglukona sem sé mest að hafa afskipti af honum.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu með bréfi þann 1. júní 2021.

**Forsendur nefndarinnar**

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar frá 1. júní 2021, með bréfi þann 9. júní 2021. Viðbótargögn bárust nefndinni 12. janúar 2022 sem höfðu að geyma upptökur úr eyewitness-kerfum lögreglu.

Í bréfinu kemur fram að embættið hafi farið yfir mál [redacted] eigi mikinn fjölda mála skráðan hjá lögreglu þar sem hann sé skráður sakborningur. Lögreglan hafi gefið út [redacted] Um væri að ræða meint [redacted] og margítrekuð meint [redacted] þar sem [redacted] væri grunaður um að hafa ekið [redacted]

Þá kemur fram að við skoðun embættisins á málinu væri ekki að sjá að einhver einn lögreglumaður umfram aðra hefði frekar haft afskipti af [redacted] Eðli máls samkvæmt þekktu lögreglumenn hann og bifreið [redacted] í sjón eftir margítrekuð afskipti af [redacted] undanfarin ár. Teldi embættið að eftirlit sitt með [redacted] í akstri samræmdist hlutverki lögreglu samkvæmt 2. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 sem þyrfti að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglum, leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna o.fl.

Jafnframt kom fram í bréfi embættisins að í hvert skipti sem [redacted] hafi verið handtekinn [redacted] hafi kveikjuláslyklar bifreiðarinnar sem hann hafi verið á verið haldlagðir. [redacted] skráður eigandi bifreiðarinnar, hafi ítrekað komið að sækja lyklanna og ítrekað afhent [redacted] þá þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 53. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 um að ekki megi fela þeim stjórn ökutækis, sem ekki hefur réttindi til að stjórna ökutæki.

3.

Ekki heyrir undir valdsvið nefndarinnar að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála. Hins vegar fellur það undir valdsvið nefndarinnar hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Undir verksvið nefndar um eftirlit með lögreglu fellur að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Með erindi [redacted] eru gerðar

athugasemdir við starfshætti lögreglu vegna meints ítrekaðs áreitis lögreglu gagnvart [redacted]

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996. Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [redacted]

**Niðurstaða**

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [redacted]

Reykjavík, 20. janúar 2022

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 21060006

**Ákvörðun nr. 13/2022**

Þann 20. janúar 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 13/2022.

**Málsatvik**

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi [redacted] þann 24. júní 2021. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við meint aðgerðarleysi starfsmanna lögreglu þegar hún hugðist leggja fram kæru gegn manni fyrir áreiti og að sitja um sig. Eins kvartar hún yfir framkomu og starfsháttum aðstoðarvarðstjóra embættis Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra þegar hún hafði samband símleiðis vegna málsins.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra með bréfi þann 29. júní 2021.

**Forsendur nefndarinnar**

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi þann 22. október 2021. Í bréfinu kemur fram að engir „aðstoðarvarðstjórar" séu starfandi við embættið. Meðfylgjandi svari embættisins voru dagbókarfærslur vegna málsins.

3.

Ekki heyrir undir valdsvið nefndarinnar að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála. Hins vegar fellur það undir valdsvið nefndarinnar hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Undir verksvið nefndar um eftirlit með lögreglu fellur að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Með erindi [redacted] eru gerðar athugasemdir við meint aðgerðarleysi og slæma framkomu starfsmanna lögreglu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra. Ekki eru til staðar myndbandsupptökur hjá lögreglu vegna afskiptanna en fyrir liggja dagbókarfærslur lögreglu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtun [redacted] og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast vegna erindis [redacted]

**Niðurstaða**

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [redacted]

Reykjavík, 20. janúar 2022

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

**NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU**
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 21060009

**Ákvörðun nr. 14/2022**

Þann 3. febrúar 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 14/2022.

**Málsatvik**

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi [redacted] þann 1. júlí 2021. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir lögreglu og meintar rangfærslur í skýrslum lögreglu í málum nr. [redacted]

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu með bréfi þann 1. júlí 2021.

**Forsendur nefndarinnar**

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi þann 5. janúar 2022. Meðfylgjandi svari embættisins voru gögn málsins ásamt upptökum úr búkmyndavélum lögreglumanna á vettvangi.

3.

Ekki heyrir undir valdsvið nefndarinnar að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála. Hins vegar fellur það undir valdsvið nefndarinnar hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Undir verksvið nefndar um eftirlit með lögreglu fellur að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtun [redacted] er ljóst að um er að ræða kvörtun yfir starfsháttum og starfsaðferðum lögreglu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [redacted] og þau gögn sem bárust frá embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Leiddi sú yfirferð í ljós að ekkert athugavert hafi verið við starfsaðferðir og starfshætti lögreglu í umrætt sinn og ekki verður séð að um sé að ræða rangfærslur í skýrslum lögreglu vegna málsins. Nefndin telur lögreglu hafa aðhafst innan þeirra heimilda sem lögreglu eru gefnar með lögreglulögum nr. 90/1996 og lögum nr. 88/2008 líkt og gögn málsins gefa skýra mynd af. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast vegna erindis [redacted]

**Niðurstaða**

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [redacted]

Reykjavík, 3. febrúar 2022

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: NEL 21080006

**Ákvörðun nr. 15/2022**

Þann 3. febrúar 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 15/2022.

**Málsatvik**

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi þann 27. júní sl. Meðfylgjandi voru skýrslur og dagbókarfærslur lögreglu vegna málsins.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindi [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Um er að ræða kvörtun og athugasemdir sem lúta að rannsókn lögreglu í sakamáli. Ekki fellur undir valdsvið nefndarinnar að endurskoða eða að fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða um framkvæmd rannsóknar sakamála á grundvelli laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Það er hlutverk ríkissaksóknara að fara með eftirlit með framkvæmd ákæruvalds hjá öðrum ákærendum sbr. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 88/2008. Erindinu er því vísað frá nefndinni.

**Niðurstaða**

Erindi [redacted] vísað frá nefndinni.

Reykjavík, 24. nóvember 2022

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 21090005

**Ákvörðun nr. 25/2022**

Þann 18. mars 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 25/2022.

**Málsatvik**

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [redacted] dags. 30.9.2021. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við framkomu og starfshætti starfsmanna Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þegar afskipti voru höfð af [redacted] á heimili hennar þann [redacted]

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu með bréfi þann 30. september 2021.

**Forsendur nefndarinnar**

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

**2.**

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi þann 18. október 2021. Meðfylgjandi svari embættisins voru gögn málsins og dagbók lögreglu. Ekki er um að ræða að til séu upptökur af samskiptunum.

Fram kemur í bréfi Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu til [redacted] þann 18. október 2021 að farið hafi verið yfir erindi hennar og rætt við lögreglumann er um ræðir. Embættið harmi upplifun hennar af samskiptunum.

Þá kemur einnig fram að umræddur lögreglumaður biðst enn og aftur afsökunar á því að hafa valdið henni hugarangri og sagt orð sem hann hefði betur látið ósögð. Hann tekur þó ekki undir að hafa verið pirraður eða hafa með ásetningi reynt að meiða hana, en aðstæður sem uppi voru hafi verið afar erfiðar fyrir alla aðila.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu greinir hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [redacted] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lítur að framkomu og starfsháttum starfsmanna Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Yfirferð nefndarinnar leiddi í ljós umræddur starfsmaður embættisins hefur gengist við því að hafa látið orð falla sem hann hefði betur látið ósögð og beðið [redacted] afsökunar. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu ljóst að framangreindir starfshættir séu ekki í samræmi við III. kafla lögreglulaga nr. 90/1996. Nefndin telur þó að embættið hafi tekið málið til meðferðar sbr. 2. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996 og telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Nefndin telur þó óheppilegt að ekki séu til upptökur af atvikinu og áréttar að samkvæmt gildandi verklagsreglum ber lögreglumönnum að hafa kveikt á búkmyndavélum við störf sín á vettvangi.

**Niðurstaða**

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [redacted]

Reykjavík, 18. mars 2022

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

**Kristín Edwald**

Þorbjörg I. Jónsdóttir

**NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU**
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 21090006

## Ákvörðun nr. 26/2022

Þann 1. apríl 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 26/2022.

## Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst framsent erindi frá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu frá [redacted] fyrir hönd sonar síns, [redacted] dags. 28. september. Í erindinu eru gerðar athugasemdir starfshætti og starfsaðferðir starfsmanna lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu vegna afskipta af [redacted] aðfaranótt 19. september sl.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu með bréfi þann 7. október 2021.

## Forsendur nefndarinnar

### 1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi þann 8. október 2021. Þar kemur fram að umrædd afskipti af syni [redacted] séu ekki skráð í lögreglukerfið þar sem um venjubundið eftirlit hafi verið að ræða og sé það ekki venja að skrá slíkt niður. Þá eru engar upptökur til af afskiptum lögreglu, hvorki úr lögreglubifreið né úr búkmyndavélum.

Einnig kemur fram að erindið hafi verið sent til skoðunar og afgreiðslu hjá stöðvarstjóra lögreglustöðvar [redacted] sem ræddi við starfsmenn sem komu að afgreiðslu málsins. Að því loknu hafði hún símasamband við [redacted] og átti við hana samtal. Að samtalinu loknu kvað [redacted] að sögn lögreglu málinu lokið af sinni hálfu.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu greinir hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [redacted] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem litur að framkomu og starfsháttum starfsmanna Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Yfirferð nefndarinnar leiddi í ljós að embættið hefur þegar tekið málið til meðferðar sbr. 2. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996 og telur því nefndin ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Nefndin telur þó óheppilegt að ekki séu til upptökur af samskiptum lögreglu og borgaranna í þessu tilviki og árettar að samkvæmt gildandi verklagsreglum ber lögreglumönnum að hafa kveikt á búkmyndavélum við störf sín á vettvangi.

**Niðurstaða**

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [redacted]

Reykjavík, 1. apríl 2022

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Grímur Sigurðarson

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 21090007

**Ákvörðun nr. 27/2022**

Þann 1. apríl 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 27/2022.

**Málsatvik**

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [redacted] dags. 30. september 2021. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við framkomu og vinnubrögð lögreglu í kjölfar tilkynningar [redacted] til 112 vegna grunsemda hennar um að eiginmaður hennar [redacted] stjórnaði bifreið undir áhrifum áfengis. Athugasemdir [redacted] lúta að því að lögreglan hafi ekki brugðist við tilkynningu hennar samstundis, þrátt fyrir að hafa einnig tilkynnt um hvert för hans var heitið. Einnig að lögreglan hafi ekki stöðvað [redacted] þegar hann ók inn í götuna við heimili sitt, heldur upp við heimilið þeirra og kveikt þá á viðvörunarljósum lögreglubifreiðarinnar sem olli því að [redacted] brá og olli tjóni á nærliggjandi bíl.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu með bréfi þann 7. október 2021.

**Forsendur nefndarinnar**

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að

háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar þann 8. október 2021. Meðfylgjandi gögnum málsins voru skýrslur, dagbókarfærsla lögreglu og upptaka úr eye-witness kerfi lögreglubifreiðarinnar.

Á meðfylgjandi upptöku má glögglega sjá að lögreglan kveikir á ljósum lögreglubifreiðinnar þegar ökumaðurinn ekur inn götuna þar sem hann bjó en virðir merki lögreglunnar um að stöðva að vettugi og ekur áfram að heimkeyrslunni og stöðvar þar.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [redacted] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lítur að framkomu og starfsháttum starfsmanna lögreglu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Yfirferð nefndarinnar leiddi í ljós að ekkert athugavert hafi komið fram við starfsaðferðir lögreglu. Nefndin telur lögreglu hafa aðhafst innan þeirra heimilda sem lögreglu eru gefnar með lögum nr. 90/1996 líkt og gögn málsins bera með sér. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996. Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

**Niðurstaða**

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [redacted]

Reykjavík, 1. apríl 2022

Skúli Þór Gunnsteinsson
**formaður**

Grímur Sigurðarson

Þorbjörg I. Jónsdóttir

**NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU**
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 21100002

**Ákvörðun nr. 28/2022**

Þann 1. apríl 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 28/2022.

**Málsatvik**

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [redacted] dags. 7. október sl. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfshætti og starfsaðferðir starfsmanna lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu í kjölfar áreksturs lögreglubifreiðar við bifreið [redacted] nóvember 2020. Fram kemur í erindinu að ekki hafi verið haft samband við [redacted] við rannsókn málsins og að skýrsla hafi verið rituð án þess að hann fengi að koma sínum sjónarmiðum og athugasemdum á framfæri. Einnig eru gerðar athugasemdir við að sá sem olli árekstrinum hafi sjálfur rannsakað og ritað skýrslu vegna atviksins.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu með bréfi þann 8. október 2021.

**Forsendur nefndarinnar**

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega

starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar þann 14. október 2021. Meðfylgjandi gögnum málsins voru skýrslur, dagbókarfærsla lögreglu og upptaka úr búkmyndavél. Lögregluskýrsla málsins var rituð af lögreglumanni sem fór á vettvang þegar ökumaður lögreglubifreiðarinnar tilkynnir um áreksturinn og því ekki rituð af lögreglumanninum sem olli árekstrinum. Á meðfylgjandi upptöku má þegar sjá að lögreglan kveikir á ljósum lögreglubifreiðinnar áður en áreksturinn á sér stað.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [redacted] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lítur að starfsaðferðum og starfsháttum starfsmanna lögreglu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [redacted]g þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Yfirferð nefndarinnar leiddi í ljós að ekkert athugavert hafi komið fram við starfsaðferðir lögreglu þó óheppilegt hafi verið að árekstur hafi orðið við forgangsakstur lögreglu. Nefndin telur lögreglu hafa aðhafst innan þeirra heimilda sem lögreglu eru gefnar með umferðalögum nr. 77/2019 og lögum nr. 90/1996 líkt og gögn málsins bera með sér. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996. Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

**Niðurstaða**

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [redacted]

Reykjavík, 1. apríl 2022

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Grímur Sigurðarson

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 21100003

**Ákvörðun nr. 29/2022**

Þann 1. apríl 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 29/2022.

**Málsatvik**

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [redacted] dags. 13. október sl. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfshætti og framkomu starfsmanna lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þegar afskipti voru höfð af [redacted] þann 24. september sl. Málsatvikum er lýst með þeim hætti að [redacted] ók inn á göngugötukafla á [redacted] þar sem hann var að sækja farþega á nærliggjandi hótel en hann starfar sem [redacted] Þegar lögreglumaðurinn sem stöðvar [redacted] kemur upp að bifreið hans, gengst [redacted] við brotinu og ætlar að afhenda honum ökuskírteinið en þá hrifsar lögreglumaðurinn veskið af honum og fer með það í lögreglubifreiðina og upplifði [redacted] einnig hroka og lítilsvirðingu í sinn garð frá honum.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu með bréfi þann 15. október 2021.

**Forsendur nefndarinnar**

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að

háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar þann 25. október 2021. Meðfylgjandi gögnum málsins var skýrsla og skýringar lögreglu á því af hverju veski [redacted] hafi verð tekið en ekki aðeins ökuskírteini hans.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [redacted] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lítur að starfsháttum og framkomu starfsmanna lögreglu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Nefndin telur óheppilegt að ekki séu til upptökur af atvikinu en samkvæmt gildandi verklagsreglum ber lögreglumönnum að hafa kveikt á búkmyndavélum við störf sín á vettvangi. Ljóst er að vafi er uppi um háttsemi og framkomu lögreglumanna umrætt kvöld og telur nefndin því rétt að erindið verði tekið til þóknanlegrar meðferðar hjá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu og að [redacted] verði svarað með fullnægjandi hætti.

Er varðar aðfinnslur [redacted] við aðstöðu fyrir [redacted] fyrir hótel í göngugötum þá er það mat nefndarinnar að rétt sé að beina slíkum erindum til Reykjavíkurborgar þó svo að kvörtunin beinist einnig að hluta til að lögreglunni.

**Niðurstaða**

Erindi [redacted] er sent Lögreglustjóranum á höfuðborgarssvæðinu til þóknanlegrar meðferðar.

Erindi [redacted] er varðar aðgengi [redacted] að hótelum í göngugötum er framsent Reykjavíkurborg til þóknanlegrar meðferðar.

Reykjavík, 1. apríl 2022

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Grímur Sigurðarson

Þorbjörg I. Jónsdóttir

**NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU**
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 21110002

**Ákvörðun nr. 30/2022**

Þann 1. apríl 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 30/2022.

**Málsatvik**

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [redacted] lögmanni f.h. [redacted] dags. 22. nóvember 2021. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfshætti starfsmanna lögreglustjórans á Suðurnesjum vegna ítrekaðra samskipta starfsmanna embættisins beint við [redacted] í stað þess að eiga í samskiptum einungis við lögmann hans, samkvæmt beiðni [redacted] Þá kemur fram að lögreglumaður hafi hitt [redacted] í eitt skipti, án þess að lögmaður hans væri viðstaddur, undir því yfirskini að afhenda honum farsíma sem hafði verið til rannsóknar. Við þessar aðstæður hafi lögreglumaðurinn reynt að ræða við [redacted] um rannsókn máls sem hann er sakborningur í. Hafi hann með því brotið gróflega gegn meginreglum sakamálaréttarfars þess efnis, að sakborningar eigi rétt á því að hafa verjanda sinn viðstaddan í hvert skipti sem skýrslur eru teknar af þeim, sbr. 2. mgr. 36. gr. laga um meðferð sakamála. Þá segir einnig í erindinu að þar sem þrátt fyrir að um einhvers konar óformlegar viðræður sé að ræða, geta samtöl af þessu tagi ratað inn í rannsóknargögn máls, sbr. 3. gr. reglugerðar 651/2009.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum með bréfi þann 25. nóvember 2021.

**Forsendur nefndarinnar**

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða

eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi þann 29. október 2021. Þar er tekið fyrir að afhending á farsíma [redacted] hafi verið notuð í því yfirskini að ræða rannsóknina einslega við [redacted] hafi haft frumkvæði að því að tjá sig um atriði sem þegar voru komin fram við rannsókn málsins og taldi lögreglumaðurinn sig vera að sýna samkennd og beita virkri hlustun hjá einstaklingi sem þurfti að létta á hjarta sínu.

Þá kemur fram að margsinnis hafi lögmanni [redacted] verið tjáð að lögreglumönnum sé heimilt að tala við fólk og hringja án þess að bera það undir lögmann viðkomandi þegar ekki er um að ræða skýrslutöku.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [redacted] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lítur að starfsaðferðum og starfsháttum starfsmanna lögreglu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í erindinu og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast vegna erindis [redacted]

**Niðurstaða**

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast vegna erindis [redacted]

Reykjavík, 1. apríl 2022

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Grímur Sigurðarson

Þorbjörg I. Jónsdóttir

**NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU**
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 22010010

**Ákvörðun nr. 31/2022**

Þann 1. apríl 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 31/2022.

**Málsatvik**

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst framsent erindi frá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu frá [redacted] dags. 28. september. Í erindinu kvartar [redacted] undan áreiti frá lögreglu. Að hans sögn hefur hann ítrekað verið stöðvaður við akstri og boðaður í þvagprufu á lögreglustöð.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu með bréfi þann 7. október 2021.

**Forsendur nefndarinnar**

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

**2.**

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi þann 14. janúar 2022. Meðfylgjandi voru dagbók lögreglu og skýrslur vegna málsins.

Fram kemur í bréfi lögreglu að [redacted] hafi verið stöðvaður í umferðareftirliti [redacted] ágúst 2021. Vaknaði grunur um að hann væri undir áhrifum vímuefna þar sem hann gaf ekki upp réttar upplýsingar um fyrri neyslu sem benti til þess að ástæða væri til að ætla að ökumaður væri undir áhrifum og þurfi því lögreglan að kanna ástand hans.

**3.**

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

**4.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu greinir hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [redacted] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lítur að starfsaðferðum og starfsháttum starfsmanna Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Yfirferð nefndarinnar leiddi í ljós að ekkert athugavert hafi komið fram við starfsaðferðir lögreglu eða sem bendir til þess að [redacted] hafi þurft að sæta ítrekuðum afskiptum af hálfu lögreglu. Nefndin telur lögreglu hafa aðhafst innan þeirra heimilda sem lögreglu eru gefnar með lögum nr. 90/1996 líkt og gögn málsins bera með sér. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996. Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna þess.

**Niðurstaða**

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [redacted]

Reykjavík, 1. apríl 2022

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Grímur Sigurðarson

Þorbjörg I. Jónsdóttir

**NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU**
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 21120009

**Ákvörðun nr. 32/2022**

Þann 1. apríl 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 32/2022.

**Málsatvik**

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi [redacted] lögmanns f.h. foreldra [redacted] dags. 21. desember 2021. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við framgang embættis lögreglustjórans á Norðurlandi eystra í máli [redacted] þeirra í kjölfar kæru á hendur honum vegna meints [redacted] sem leiddi til handtöku hans þann [redacted] Einnig eru gerðar athugasemdir við þá málsmeðferð sem fram fór hjá embættinu vegna málsins.

**Forsendur nefndarinnar**

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

**2.**

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga

nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

**3.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [redacted] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lítur að beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga og framkvæmd rannsóknar sakamáls sem fellur ekki undir valdsvið nefndarinnar sbr. I. kafla. Embætti Ríkissaksóknara fer með eftirlit með rannsókn sakamála því er rétt að framsenda erindið til embættisins.

Með vísan til 2. mgr. 7. gr. stjórnsýslulaga og 3. mgr. 35. gr. b. lögreglulaga nr. 90/1996 telur nefndin að framsenda beri erindið til ríkissaksóknara til þóknanlegrar meðferðar.

**Niðurstaða**

Málinu er vísað frá nefnd um eftirlit með lögreglu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu beinir erindi [redacted] lögmanns f.h. foreldra [redacted] til ríkissaksóknara til þóknanlegrar meðferðar.

Reykjavík, 1. apríl 2022

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Grímur Sigurðarson

Þorbjörg I. Jónsdóttir

**NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU**
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 21040007

**Ákvörðun nr. 33/2022**

Þann 1. apríl 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 33/2022.

**Málsatvik**

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [redacted] lögmanni f.h. [redacted] dags. 26. apríl 2021. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við afskipti lögreglu þann 13. desember 2020 þegar [redacted] var stöðvaður við eftirlit lögreglu með ástandi ökumanna. [redacted] kvartar yfir að hafa verið kærður fyrir að vera ekki með gilt ökuskírteini og að ekki hafi verið tekið tillit til þess að hann sé með í gildi ökuréttindi og skírteini þar um frá heimalandi sínu, [redacted] Við framvísun á því skírteini hafi lögreglan hafnað að taka því gildu og að sögn [redacted] var honum meinað að halda för sinni áfram og var keyrður heim af lögreglu og annar lögreglumaður keyrði bifreið hans heim. Þá er einnig kvartað yfir rangfærslum í skýrslu lögreglu en þar er greint frá því að hann gangist við brotinu sem hann hafi ekki gert og þá hafi fyrirfarist að tilkynna [redacted] um að málið hafi verið fellt niður þann [redacted] desember 2020.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra með bréfi þann 30. apríl 2021.

**Forsendur nefndarinnar**

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í

því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi þann 6. júní 2021. Meðfylgjandi gögnum málsins var svar lögreglustjóra vegna málsins og skýrslur. Umbeðnar upptökur vegna málsins bárust hins vegar ekki fyrr en 28. mars sl.

Í svari lögreglustjórans kemur fram ástæða þess að skráð var í skýrslu að [redacted]hafi gengist við brotinu. Einnig má heyra á upptökum hvernig slíkur misskilningur kann að hafa orsakast. Fram kemur einnig að rannsókn málsins hafi verið hætt [redacted] desember 2020, enda [redacted] með fullgild ökuréttindi og skírteini þar um og var honum aldrei sent sektarboð vegna málsins. Í kjölfarið var rætt við viðkomandi lögreglumenn og farið yfir með þeim hvaða reglur gilda um erlend ökuskírteini á Íslandi. Lögreglan gat ekki séð að [redacted] hafi verið tilkynnt um að rannsókn málsins hafi verið hætt.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [redacted] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lítur að starfsaðferðum og starfsháttum starfsmanna lögreglu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í erindinu og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu óheppilegt að lögreglumenn hafi haft [redacted] að rangri sök vegna vanþekkingar á gildandi lögum og þar með valdið honum þeim óþægindum sem fylgdu því að vera stöðvaður og síðar ekið heim í lögreglubifreið. Einnig að láðst hafi að tilkynna honum um þau mistök þegar upp um þau komst. Þó telur nefndin að ekki séu uppi vísbendingar um

mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast vegna erindisins.

**Niðurstaða**

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast vegna erindis [redacted]

Reykjavík, 1. apríl 2022

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Grímur Sigurðarson

Þorbjörg I. Jónsdóttir

**NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU**
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 21080001

**Ákvörðun nr. 34/2022**

Þann 1. apríl 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 34/2022.

**Málsatvik**

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [redacted] dags. 3. ágúst 2021. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við aðgerðarleysi og framkomu lögreglumanna vegna kvartana [redacted] og eiginmanns hennar vegna hávaða á tjaldsvæðinu [redacted] á [redacted] aðfaranótt þann 1. ágúst sl. [redacted] segir að hún og maðurinn hennar hafi ítrekað hringt á lögregluna vegna mikils hávaða frá fólki á tjaldstæðinu. Hávaðinn hafi leitt til þess að hún hafi ekki geta sofnað en hún sé alvarlega [redacted] og verði því að fá nægan svefn til að koma í veg fyrir slæm [redacted] Lögreglan hafi einungis einu sinni komið að tala við fólkið, sem hafi þrátt fyrir það haldið áfram að vera með hávaða, og hafi ung lögreglukona verið dónaleg við [redacted] og mann hennar í símtali. [redacted] hafi nánast ekkert sofið um nóttina og í kjölfarið fengið alvarlegt [redacted] Lögreglan hafi því komið henni í hættu og [redacted] hennar væru í áfalli eftir nóttina.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra með bréfi þann 3. ágúst 2021.

**Forsendur nefndarinnar**

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli.

Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi þann 28. mars sl. Meðfylgjandi gögnum málsins var svar lögreglustjóra vegna málsins, skýrslur og upptaka af afskiptum lögreglu af gestum af tjaldsvæðinu. Í svari lögreglustjórans kemur fram að engin afskipti eða ósk um aðstoð lögreglu er skráð á umræddu tjaldsvæði 1. ágúst 2021. Aðfaranótt 2. ágúst sl. hafi hins vegar verið tilkynnt um hávaða á tjaldsvæðinu og fór lögregla í tvær eftirlitsferðir þangað þá nótt. Enginn bókuð samskipti eru við [redacted] en bókuð eru tvö símtöl frá [redacted] hennar 2. ágúst 2021, þar sem fram kemur að rætt hafi verið við hann og hann bent lögreglu á hvaðan hávaði stafaði og ræddi lögregla við viðkomandi og er upptaka meðfylgjandi þess efnis.

Hvað varðar kvörtun [redacted] um að ung lögreglukona hafi verið dónaleg í samskipum, kemur fram í svari lögreglu að utan dagvinnutíma fari öll símtöl til LNE í gegnum 112. Þeir lögreglumenn sem bókuðu inn í málið séu báðir karlmenn og vandséð sé hver lögreglukonan á að hafa verið.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [redacted] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lítur að framkomu og starfsháttum starfsmanna lögreglu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í erindinu og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit

með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur ótvírætt að lögreglan hafi sinnt þeim hávaðakvörtunum sem um ræðir eins og gögn málsins bera með sér. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast vegna erindisins.

**Niðurstaða**

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast vegna erindis [redacted]

Reykjavík, 1. apríl 2022

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Grímur Sigurðarson

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 21110003

**Ákvörðun nr. 35/2022**

Þann 1. apríl 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 35/2022.

**Málsatvik**

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [redacted] dags. 10. nóvember 2021. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir starfsmanna Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu aðfaranótt [redacted] október 2021 þegar höfð voru afskipti af kvartanda í miðbæ Reykjavíkur. Fram kemur að kvartandi sé ósáttur við framkomu og starfsaðferðir lögreglu í umrætt sinn og telur að aðgerðir lögreglu hafi verið harkalegri en tilefni var til vegna húðlitar hans og hann þar með orðið fyrir kynþáttafordómum af hálfu lögreglu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu með bréfi þann 1. desember 2021.

**Forsendur nefndarinnar**

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með tölvupósti þann 2. febrúar 2022. Meðfylgjandi gögnum málsins voru dagbók lögreglu og upptökur úr búkmyndavélum.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [redacted] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lítur að starfsháttum og framkomu starfsmanna lögreglu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu þar á meðal upptökur. Nefndin vill sérstaklega benda á að ekkert hafi komið fram í upptökum búkmyndavélar lögreglumannsins sem í hlut hafi átt sem bendi til að hann hafi sýnt af sér kynþáttafordóma af neinu tagi í aðgerðum sínum, hvorki í samskiptum vi[redacted]sem er íslenskur en [redacted] né við annan útlending á vettvangi. Nefndin bendir hins vegar á að hún endurmetur ekki mat lögreglu á þörf á að handtaka einstaklinga í lögregluaðgerð, það er eingöngu endurmetið af dómstólum. Nefndin bendir á að aðstæður á vettvangi voru erfiðar og lögreglumenn fámennir til að byrja með. Þá skal tekið fram að borgurum ber skylda til að hlíða fyrirmælum lögreglu samanber 19. gr. lögreglulaga en það gerði [redacted] ekki við handtökuna. Nefndin telur með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtun [redacted] og þeim gögnum og upptökum sem nefndin hefur undir höndum, að ekki séu vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast vegna erindis [redacted]

**Niðurstaða**

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast vegna erindis [redacted]

Reykjavík, 1. apríl 2022

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Grímur Sigurðarson

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 21100001

**Ákvörðun nr. 36/2022**

Þann 14. júní 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 36/2022.

**Málsatvik**

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [redacted] f.h. sonar sínar [redacted] dags. 27. september sl. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við framkomu og háttsemi starfsmanna Lögreglustjórans á Suðurnesjum þegar sonur hennar var stöðvaður við akstur og í kjölfarið færður á lögreglustöð. Þá eru gerðar athugasemdir við framkvæmd blóðsýnatöku og ástæðu þess að slík rannsókn var framkvæmd.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum með bréfi þann 7. október 2021.

**Forsendur nefndarinnar**

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi þann 13. október 2021. Meðfylgjandi voru bókanir úr lögreglukerfi, frumskýrsla , handtökuskýrsla og myndbandsupptökur úr búkmyndavélum á vettvangi.

Af upptökum er ljóst að [redacted] neitaði að gefa munnvatnssýni fyrir fíkniefnapróf þegar hann var stöðvaður við akstur, hann var þá handtekinn og færður á lögreglustöð grunaður um akstur undir áhrifum fíkniefna. Önnur úrræði en blóðsýnataka voru ítrekuð boðin [redacted] áður en blóðsýnataka var framkvæmd svo að hægt væri að fá niðurstöður um hvort grunur lögreglu væri á rökum reistur.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [redacted] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lítur að starfsháttum og starfsaðferðum starfsmanna lögreglu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum. Í málinu var einstaklingur handtekinn grunaður um akstur undir áhrifum fíkniefna og blóðsýni tekið úr honum með valdi. Samkvæmt ákvæði 3. mgr. 52. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 annast læknir, hjúkrunarfræðingur eða lífeindafræðingur töku blóðsýnis. Fram kemur að ökumanni sé skylt að hlíta þeirri meðferð sem talin er nauðsynleg við rannsókn skv. 2. mgr. ákvæðisins og neiti ökumaður er lögreglu heimilt að beita valdi við framkvæmd rannsóknar. Í 101. gr. umferðarlaga er fjallað um sviptingu vegna ölvunar- eða vímuefnaaksturs. Í 3. mgr. 101. gr. kemur fram sjálfstæð heimild til að svipta ökumann ökuréttindum ef hann neitar að veita atbeina sinn við rannsókn máls skv. 3. mgr. 52. gr. umferðarlaga og skal svipting vara í eitt ár.

Svo sem fram hefur komið var ökumaður grunaður um akstur undir áhrifum fíkniefna, sýndi samkvæmt skýrslu lögreglu merki um neyslu og á myndupptökum lögreglu sést að hann var ósamvinnufús.Við mat á því hvort lögreglu sé rétt að láta staðar numið og nýta 3. mgr. 101. gr. eða beita valdbeitingarheimild 3. mgr. 52. gr. umferðalaga við töku sýnis verður lögreglan að leggja heildstætt mat á aðstæður og þá hagsmuni sem eru í húfi sbr. 4. gr. reglugerðar nr.

301/2008 um töku sýna og rannsókn vegna aksturs undir áhrifum fíkniefna, þar sem fram kemur að þess skuli sérstaklega gætt að ganga ekki lengra en brýnustu nauðsyn ber til í þágu rannsóknar máls. Slíkt mat er liður í rannsókn sakamáls og fellur ekki undir málefnasvið nefndar um eftirlit með lögreglu. Yfirferð nefndarinnar leiddi í ljós að þrátt fyrir að framkvæmd blóðsýnatöku hafi verið með íþyngjandi hætti voru vægari úrræði boðin [redacted] ítrekað áður en blóðsýnataka var framkvæmd. Nefndin telur lögreglu hafa aðhafst innan þeirra heimilda sem lögreglu eru gefnar með lögum nr. 90/1996 líkt og gögn málsins bera með sér. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996.

Nefndin telur rétt að senda málið til Umboðsmanns Alþingis, sem er með OPCAT- eftirlit með frelsissviptum.

**Niðurstaða**

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis.

Nefndin telur tilefni til að senda erindi [redacted] til Umboðsmanns Alþingis sem fer með OPCAT - eftirlit með frelsissviptum.

Reykjavík, 14. júní 2022

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 21030010

**Ákvörðun nr. 37/2022**

Þann 14. júní 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 37/2022.

**Málsatvik**

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [redacted] dags. 9. mars 2021. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við meðferð ákæruvaldsins á máli nr. [redacted] Í erindinu er kvartað yfir synjun á beiðni [redacted] um afhendingu gagna eftir niðurfellingu málsins, að henni hafi verið meinaður rökstuðningur fyrir niðurfellingu málsins og að brotin hafi fyrnst í meðferð embættisins á málinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu með bréfi þann 22. mars 2021.

**Forsendur nefndarinnar**

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með tölvupósti þann 22. mars 2021. Þar kom fram að málið væri til meðferðar hjá [redacted] og að ríkissaksóknari væri með ákæruvaldið í málinu. Óskað var því eftir fresti á afhendingu gagna þar til [redacted] hefði kveðið upp úrskurð sinn. Einnig kom fram að málið væri enn fremur til meðferðar hjá [redacted]

Frekari gögn bárust nefndinni 28. mars sl., voru það voru öll gögn sakamálsins. Fram kemur í svari lögreglu að ekki er að sjá í gögnum málsins beiðni frá [redacted] eða réttargæslumanni hennar um gögn málsins eða að synjað hafi verið slíkri beiðni af LRH.

[redacted] endurskoðunar á ákvörðun lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, um að fella niður mál hennar með síðan til 145. gr. sml., kemur fram að ríkissaksóknari telji það aðfinnsluvert að kvartanda hafi ekki verið veittur rökstuðningur fyrir niðurfellingu málsins, enda sé það skylt sbr. 147. gr. sml.

Einnig kemur þar fram að kvartandi sendi inn kvörtun þann [redacted] júní 2019, til ríkissaksóknara sem laut að því gögn málsins hefðu ekki fengist afhent hjá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Ríkissaksóknari áréttar fyrirmæli embættisins nr. 9/2019, sem heimila sakborning og brotaþola aðgang að rannsóknargögnum sakamáls sem er lokið nema sérstök verndarsjónarmið mæli gegn því.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [redacted] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að framkvæmd rannsókn sakamála og rétti til gagna sakamáls skv. lögum um meðferð sakamála.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Fyrir liggur að ríkissaksóknari tók málið til meðferðar á grundvelli kæru sem lögð var fram fyrir hönd [redacted] þann [redacted] maí 2020. Taldi ríkissaksóknari aðfinnsluvert að [redacted] hafi ekki verið veittur rökstuðningur fyrir niðurfellingu málsins, enda sé það skylt sé þess óskað sbr. 147. gr. sml.

Þar sem erindið varðar ákvarðanir um rannsóknaraðferðir lögreglu sem falla ekki undir hlutverk og valdsvið nefndarinnar, auk þess sem málið hefur fengið afgreiðslu ríkissaksóknara sem fer með eftirlit með framkvæmd ákæruvalds hjá öðrum ákærendum, er erindinu vísað frá.

**Niðurstaða**

Erindi [redacted] er vísað frá nefnd um eftirlit með lögreglu.

Reykjavík, 14. júní 2022

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

**NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU**
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 21070004

## Ákvörðun nr. 38/2022

Þann 12. maí 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 38/2022.

### Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [redacted] lögmanni, f.h. [redacted] dags. 1. júlí 2021. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfshætti lögreglu við rannsókn á líkamsárás er [redacted] varð fyrir þann [redacted] apríl 2020. Lýtur kvörtunin fyrst og fremst að meintum verulegum töfum og drætti sem orðið hafa við rannsókn á árásinni. Þá segir einnig í erindinu að brotið hafi verið gegn rétti [redacted] til að fá upplýsingar um mál sitt.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu með bréfi þann 2. júlí 2021.

### Forsendur nefndarinnar

1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar þann 12. apríl 2022. Meðfylgjandi gögnum málsins voru skýrslur, dagbókarfærsla lögreglu og tölvupóstsamskipti vegna málsins.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [redacted] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að meintum drætti embættisins á rannsókn málsins og upplýsingagjöf vegna hennar til kvartanda.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996. Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fær þó ekki séð af gögnum málsins að beiðnum [redacted] um afhendingu gagna frá 11. og 22. desember 2020 og 20. febrúar 2021, hafi verið svarað. Nefndin telur því tilefni til að beina þeim tilmælum til embættisins að svara beiðni [redacted]

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

**Niðurstaða**

Erindi [redacted] er sent til Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu til þóknanlegrar meðferðar.

Reykjavík, 12. maí 2022

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 21090001

**Ákvörðun nr. 39/2022**

Þann 12. maí 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 39/2022.

**Málsatvik**

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [redacted] lögmanni f.h. [redacted] dags. 30. ágúst sl. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við birtingu lögreglu á ljósmyndum af [redacted] í helstu fjölmiðlum landsins að [redacted] Fram kemur að samkvæmt upplýsingum lögmanns varðar rannsókn málsins ætlað brot gegn 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem á að hafa verið framið á [redacted] á vegum [redacted] í [redacted] 2019. Myndbirting sem þessi hafi verið til þess fallin að valda umbjóðanda hans verulegu tjóni og álitshnekki og með henni hafi rannsakendur málsins með henni brotið gróflega gegn jafnræðisreglunni sbr. 65. gr. stjórnarskrárinnar og meðalhófsreglunni sbr. m.a. 3. mgr. 53. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Athugasemdir eru einnig gerðar við að framangreind aðferð hafi verið notuð til að bera kennsl á [redacted] þar sem lögmanni hans er ekki kunnugt um að álíka aðferðum hafi verið beitt áður til að upplýsa ætluð brot gegn 217. alm. hgl.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu með bréfi þann 7. september 2021.

**Forsendur nefndarinnar**

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli.

Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi þann 13. október 2021. Í meðfylgjandi bréfi kemur fram að talið var nauðsynlegt að óska eftir aðstoð almennings við að bera kennsl á meintan [redacted] sem lá undir grun um að hafa framið [redacted] Vægari úrræði höfðu engu skilað og var ákvörðun tekin í kjölfarið um að birta mynd af [redacted] í fjölmiðlum. Fram kemur einnig að myndbirtingin hafi verið í samræmi við hlutverk lögreglu sbr. 2. mgr. 1. gr. lögreglulaga og 41. gr. sömu laga þar sem fram kemur að lögreglu er heimilt að miðla persónuupplýsingum að því marki sem telst nauðsynlegt vegna starfsemi og hlutverks hennar. Við myndbirtinguna hafi verið gætt að verklagsreglum um samskipti við fjölmiðla sem og meginreglum laga um meðferð persónuupplýsinga í löggæslutilgangi.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu greinir hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starf[redacted]ru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [redacted] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lítur að starfsaðferðum lögreglu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996. Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

**Niðurstaða**

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [redacted]

Reykjavík, 12. maí 2022

Skúli Þór Gunnsteinsson
**formaður**

**Kristín Edwald**

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 21090004

**Ákvörðun nr. 40/2022**

Þann 12. maí 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 40/2022.

**Málsatvik**

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi [redacted] er varðaði afskipti lögreglu af ólögráða dóttur hennar, [redacted] dags. 23. september sl. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfshætti og starfsaðferðir starfsmanna lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu vegna afskipta af [redacted] fyrir meinta vörslu [redacted] árið 2020. Einnig eru gerðar athugasemdir við framkvæmd yfirheyrslu sem átti sér stað í kjölfarið.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu með bréfi þann 29. september 2021.

**Forsendur nefndarinnar**

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi þann 14. október 2021. Meðfylgjandi svari embættisins voru gögn málsins og upptökur úr lögreglubifreiðum er voru notaðar vegna atviksins.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu greinir hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [redacted] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lítur að starfsháttum og starfsaðferðum starfsmanna lögreglu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Yfirferð nefndarinnar leiddi í ljós að ekkert athugavert hafi komið fram við starfsaðferðir lögreglu á vettvangi. Nefndin telur lögreglu hafa aðhafst innan þeirra heimilda sem lögreglu eru gefnar með lögum nr. 90/1996 og lögum nr. 88/2008 líkt og gögn málsins bera með sér. Í erindi [redacted] er gerð athugasemd við háttsemi starfsmanns lögreglunnar sem hafi verið í sambandi við hana og þá er kvartað yfir því að ekki hafi verið litið til [redacted] Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að fram sé komin kvörtun yfir störfum lögreglu sem rétt er að senda til Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu til þóknanlegrar meðferðar.

Nefndin bendir einnig á að engar búkmyndavélar voru í notkun á vettvangi, aðeins upptökubúnaður í lögreglubifreiðum. Í bifreið þeirri sem [redacted] var flutt í af vettvangi virðist lögreglumaður hafa óvart slökkt á hljóði eða að búnaðurinn hafi ekki verið í lagi því hljóð er í upphafi upptöku en síðan er slökkt á hljóðinu. Nefndin heyrði því [redacted] aldrei tala á upptöku. Það er mat nefndarinnar að þetta sé aðfinnsluvert. Nefndin brýnir fyrir Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu að tryggt sé að þegar búnaður er notaður, sé hann í lagi og að starfsmenn kunni á búnaðinn.

**Niðurstaða**

Erindi [redacted] er sent Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu til þóknanlegrar meðferðar.

Reykjavík, 12. maí 2022

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

**NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU**
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 21070007

**Ákvörðun nr. 41/2022**

Þann 14. júní 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 41/2022.

**Málsatvik**

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst tilkynning frá [redacted] dags. 9. júlí 2021. Þar voru gerðar athugasemdir við þátttöku, framkomu og starfshætti lögreglu við aðgerðir sem fóru fram fyrir hádegi þann [redacted] Í erindinu kemur fram að samkvæmt frásögnum aðila og vitna sem voru á staðnum hafi lögregla beitt tvo [redacted] harðræði, offorsi og ofbeldi sem hafi haft í för með sér líkamlegar og [redacted]

Í tilefni af erindinu ákvað nefndin að taka málið til skoðunar að eigin frumkvæði. Óskað var eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu með bréfi þann 14. júlí 2021 sem framsendi erindið til ríkislögreglustjóra þann 7. janúar 2022.

**Forsendur nefndarinnar**

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða

eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Ríkislögreglustjóri svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi þann 12. apríl 2022. Meðfylgjandi svari embættisins voru upptökur úr búkmyndavélum lögreglureglumanna og einnig upptökur úr öryggismyndavélum [redacted] sem sýndu umræddar aðgerðir lögreglu þann [redacted]

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir þau gögn sem henni bárust frá ríkislögreglustjóra. Yfirferð nefndarinnar leiddi í ljós lögregla hafi aðhafst innan þeirra heimilda sem lögreglu eru gefnar með lögum nr. 90/1996 líkt og gögn málsins bera með sér. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í erindinu og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996. Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

**Niðurstaða**

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna atvikanna.

Reykjavík, 14. júní 2022

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 21100005

## Ákvörðun nr. 42/2022

Þann 12. maí 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 42/2022.

### Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [redacted] dags. 24. október sl. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfshætti og starfsaðferðir starfsmanna Lögreglustjórans á Suðurnesjum vegna atviks sem átti sér stað á heimili hennar þann [redacted] 2020. Fram kemur í erindinu að tveir lögreglumenn hafi farið inn um svaladyr á íbúð hennar án þess að gera boð á undan sér og leitað í íbúðinni, þar sem þeir töldu sig finna kannabislykt. Með þeim aðgerðum telur [redacted] þá hafa beitt hafi ólögmætri valdbeitingu og brotið gegn friðhelgi einkalífs hennar. Einnig er kvartað yfir meintu ósamræmi í skýrslum lögreglu er varðar annars vegar ástand kærast[redacted] sem var á vettvangi og hins vegar meinta rangfærslu um hvar lögreglumennirnir voru staðsettir þegar þeir fundu lykt af kannabisefnum sem leiddi til framangreindra aðgerða.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á Suðurnesjunum með bréfi þann 26. október 2021.

### Forsendur nefndarinnar

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í

því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum svaraði beiðni nefndarinnar með tölvupósti þann 26. október 2021. Þar kemur fram að [redacted] sé ekki skráður sem málsaðili þar sem hún hafi ekki verið á vettvangi þegar umrædd húsleit lögreglu átti sér stað en sambýlismaður hennar var á staðnum.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [redacted] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að aðgerðum sem hún var ekki viðstödd, þó gerð hafi verið húsleit á heimili hennar, að sambýlismanni hennar viðstöddum.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum. Nefndin telur með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtun [redacted] og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, að lögregla hafi aðhafst innan þeirra heimilda sem henni eru gefnar lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast vegna erindis [redacted]

**Niðurstaða**

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast vegna erindis [redacted]

Reykjavík, 12. maí 2022

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

**NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU**
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 21060002

**Ákvörðun nr. 43/2022**

Þann 14. júní 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 43/2022.

**Málsatvik**

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [redacted] dags. 4. júní 2021. Í erindinu eru gerðar athugasemdir starfshætti lögreglu þegar afskipti voru höfð af sonum hans, [redacted] þann. [redacted] en báðir eru undir [redacted] ára aldri. Kvartað er undan óhóflegri valdbeitingu lögreglunnar þegar bifreið drengjanna var stöðvuð og að brotið hafi verið gróflega á réttindum drengjanna án tilefnis og að meðalhófs hafi ekki verið gætt.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra með bréfi þann 22. júní 2021.

**Forsendur nefndarinnar**

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi þann 8. apríl 2022. Meðfylgjandi svari embættisins voru málsgögn og upptökur úr búkmyndavélum lögreglumanna á vettvangi.

Fram kemur í svari embættisins að þar sem tilkynning, sem barst lögreglu þann [redacted] varðaði meint [redacted] var samkvæmt verklagi óskað eftir aðkomu sérsveitar ríkislögreglustjóra sem fór í kjölfarið með stjórn aðgerða.

Eftir yfirferð nefndarinnar á gögnum málsins taldi nefndin tilefni til að óska eftir frekari gögnum frá embætti ríkislögreglustjóra þann 20. apríl 2022. Upptökur úr eye-witness kerfum bifreiðar sérsveitar ríkislögreglustjóra bárust nefndinni þann 13. maí sl.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu greinir hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [redacted] er ljóst að um er að ræða kvörtun yfir starfsháttum starfsmanna Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra sem og sérsveitar ríkislögreglustjóra vegna meintrar ólögmætrar handtöku, frelsissviptingar barna og misbeitingar valds sem hafi ekki verið í neinu samræmi við tilefnið.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra og embætti ríkislögreglustjóra. Eftir yfirferð nefndarinnar telur nefndin að ekkert athugavert hafi verið við starfshætti lögreglu og að aðgerðir hennar hafi verið í samræmi við alvarleika meintra brota. Nefndin telur lögreglu hafa aðhafst innan þeirra heimilda sem lögreglu eru gefnar með lögum nr. 90/1996 og lögum nr. 88/2008 líkt og gögn málsins bera með sér. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum og aðstæðum öllum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996. Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

**Niðurstaða**

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [redacted]

Reykjavík, 14. júní 2022

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

**Kristín Edwald**

Þorbjörg I. Jónsdóttir

**NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU**
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: NEL20060008

**Ákvörðun nr. 44/2022**

Þann 31. maí 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 44/2022.

**Málsatvik**

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [redacted] dags. 21. maí 2020, þar sem gerðar eru athugasemdir við störf lögreglu í kjölfar [redacted] hér eftir kölluð X. [redacted] dró erindi sitt til baka þann 15. maí 2021. Þann 6. janúar 2022 óskaði [redacted] eftir því að málið yrði tekið upp að nýju hjá nefndinni. Nefndin féllst á að málið yrði tekið upp að nýju þrátt fyrir að tvö ár væru liðin frá því að umkvörtunarefnið átti sér stað skv. skilyrðum 5. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. 8. gr. laga nr. 50/2021 og 1. gr. laga nr. 62/2016 enda barst upphaflegt erindi [redacted] fyrir gildistöku laga nr. 50/2021 sem settu framangreint tveggja ára skilyrði.

Í erindinu eru gerðar athugasemdir við framkomu og samskipti lögreglu í garð [redacted] og aðstandenda, hæg viðbrögð lögreglu á upphafsstigum málsins, samskiptum lögreglu við fjölmiðla og að stjórnandi rannsóknar málsins hafi fengið að taka við [redacted]

Fram kemur að [redacted] telur lögreglu hafa ekki tekið sig og aðstandendur alvarlega strax í upphafi, þau hafi t.d. þurft að hafa ítrekað samband við Lögreglustöðina á [redacted] í gegnum neyðarnúmerið 112 sem hafi verið tímafrekt. Þau hafi sjálf talað við [redacted] um [redacted] og hafi [redacted] en ekki lögreglu og lögregla verið ósátt með það. Í skilaboðum frá lögreglu kom fram að lítið væri hægt að gera fyrr en fólk kæmi til vinnu á mánudeginum [redacted] hafi verið mjög aðgangsharðir. [redacted] lögreglu en síðan hafi hún [redacted] Henni hafi verið bent á sálfræðing af hálfu Rauða krossins en hvorki hún né hennar fjölskylda náði nokkrum tengslum við þann einstakling og töldu þau hann ekki vera starfi sínu vaxinn. [redacted] kvartar einnig yfir því að stjórnandi rannsóknarinnar hafi sýnt af sér ónærgætni í garð sín í samskiptum við [redacted] á meðan á [redacted]

[redacted]

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu með bréfum þann 11. september og 12. nóvember 2020.

**Forsendur nefndarinnar**

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a., greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

**2.**

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfum, dags. 29. september 2020 og 9. febrúar 2021. Með svari lögreglustjóra fylgdu einnig leiðbeiningar [redacted]

[redacted]

ekkert væri hægt að gera fyrr en fólk kæmi til vinnu á mánudeginum. Þau hafi sjálf aflað [redacted]

[redacted]

[redacted]

Nefndin bendir hins vegar á að verklagsreglurnar eru haldnar þeim annmarka að þær eru komnar til ára sinna og engar leiðbeiningar er að finna í þeim hvernig eigi að haga samskiptum við [redacted] Fram kemur í gögnum málsins, þar á meðal dagbókarfærslum lögreglu, að lögregla var í reglulegum samskiptum við aðstandendur X og þar á meðal [redacted]

[redacted] Setja þarf skýrar reglur um samskipti í málum sem þessum til að tryggja að tekið sé utan um aðstandendur strax og tilkynning berst og að upplýsingaflæði sé rétt og skilvirkt. Þá þarf lögreglan að hafa aðgang að fleiri en einum sálfræðingi sem eru reyndir á þessu sviði og aðstandendur geta leitað til. Auk þess sem hugsanlega kann að vera þörf á að þjálfa sérstaklega einstaka lögreglumenn til að sinna samskiptum við [redacted] fyrir hönd lögreglu.

Með vísan til ofangreinds telur nefnd um eftirlit með lögreglu rétt að beina þeim tilmælum til ríkislögreglustjóra að taka verklagsreglur og leiðbeiningar um leit að [redacted] til endurskoðunar og huga að traustri handleiðslu fyrir [redacted] málum sem þessum.

4.

Í erindi [redacted] er lýst samskiptum milli hennar og lögreglu á fundum sem hún gagnrýnir, fannst sér ekki trúað, talar um „tortryggnisástand", hún kveðst hafa spurt [redacted] Lögreglan hafi talað um að [redacted] og bendir [redacted] á að þessi setning sitji talsvert í henni. Hún kvaðst hafa vera reið og grátandi og geta ekki verið í sambandi við [redacted] og því tók [redacted] hennar það að sér á endanum. Á [redacted] á fundi á lögreglustöðinni á [redacted]

[redacted]

[redacted]

Nefnd um eftirlit með lögreglu gerir ekki athugasemdir við verklag lögreglu enda liggi ekki annað fyrir en að verklagsreglum hafi verið fylgt. Nefndin telur það aðfinnsluvert af hálfu lögreglu að leggja til [redacted] þó að hún hafi þekkst boðið. [redacted] komu fram erfiðar spurningar sem þungbært gat verið fyrir [redacted] að hlusta á. Því er það mat nefndarinnar að mjög sterk rök þurfi að vera fyrir því að [redacted] Loks áréttar nefndin tilmæli þau sem fram koma í 3. kafla hér að framan.

**5.**

[redacted] kvartar einnig yfir því að stjórnandi [redacted] hafi sýnt af sér ónærgætni í garð sín í samskiptum við [redacted]

Í bréfi stjórnanda [redacted] til nefndarinnar, dags. 8. september 2020 kemur fram eftirfarandi:

[redacted]

[redacted]

Í ljósi ofangreindrar afsökunarbeiðni telur nefndin ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna þessa.

6.

[redacted]

[redacted]

Nefndin bendir á að ekkert komi fram í siðareglum lögreglu, né lögum eða reglum sem bannar lögreglumönnum [redacted] Hins vegar kann að vera tilefni fyrir embætti ríkislögreglustjóra að skoða þetta til framtíðar í samhengi við 13. gr. siðareglna lögreglu enda gæti slík staða leitt til þess að draga mætti hæfi lögreglumanns í efa. Vissulega fer þetta allt eftir aðstæðum hverju sinni.

[redacted]

Með vísan til ofangreinds beinir nefndin þeim tilmælum til ríkislögreglustjóra að meta hvort samskipti lögreglu við fjölmiðla hafi verið með eðlilegum hætti og til eftirbreytni eða hvort lögreglan hafi átt að setja ákveðin mörk, ekki síst með hliðsjón af rannsóknarhagsmunum og hagsmunum [redacted]

7.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

8.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [redacted] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að starfsháttum lögreglu og framkomu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Yfirferð nefndarinnar leiddi í ljós meinbugi á verklagsreglum og vísbendingar eru uppi að starfsmenn lögreglu hafi átt í óformlegum og nafnlausum (off the record) samskiptum við [redacted] Nefndin getur ekki lagt mat á samskipti [redacted] og lögreglu þar sem aðila greinir á og ekki eru til upptökur af samskiptunum. Nefndin telur lögreglu hafa aðhafst innan gildandi verklagsreglna og þeirra heimilda sem lögreglu eru gefnar með lögum nr. 90/1996 líkt og gögn málsins bera með sér.

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur rétt að beina tilteknum tilmælum til embættis ríkislögreglustjóra samkvæmt 3. og 6. kafla til að stuðla að bættu verklagi lögreglu og jafnframt bættum samskiptum lögreglu og fjölmiðla.

**Niðurstaða**

Nefnd um eftirlit með lögreglu beinir þeim tilmælum til ríkislögreglustjóra að taka [redacted] til endurskoðunar og huga að traustri handleiðslu fyrir aðstandendur í alvarlegri málum sem þessum sbr. 3. kafla.

Nefnd um eftirlit með lögreglu beinir þeim tilmælum til ríkislögreglustjóra að meta hvort samskipti lögreglu við fjölmiðla hafi verið með eðlilegum hætti og til eftirbreytni eða hvort lögreglan hafi átt að [redacted]

Reykjavík, 31. maí 2022

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: NEL 21070008

**Ákvörðun nr. 45/2022**

Þann 14. júní 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 45/2022.

**Málsatvik**

Embætti héraðssaksóknara framsendi nefnd um eftirlit með lögreglu erindi [redacted] þann 8. júlí 2021, til þóknanlegrar meðferðar. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu við framkvæmd húsleitar á heimili þeirra þann [redacted] 2021.

**Forsendur nefndarinnar**

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

**2.**

Meðfylgjandi framsendingu héraðssaksóknara á erindinu til nefndarinnar þann 8. júlí 2021 voru gögn málsins en engar upptökur eru til af húsleitinni. Fram kom að lögmaður [redacted] kærði til héraðssaksóknara, þann 14. apríl 2021 umrædda húsleit, handtöku og starfsaðferðir lögreglu í tengslum við rannsókn á máli nr. [redacted] Embætti héraðssaksóknara vísaði kærunum frá með vísan til 4. mgr. 52. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Ákvörðun héraðssaksóknara var kærð til ríkissaksóknara. Ríkissaksóknari vísaði kærunni hins vegar frá

með ákvörðun dags. [redacted] 2021 þar sem kæran kom ekki fram fyrr eftir lögboðinn kærufrest.

3.

Ekki heyrir undir valdsvið nefndarinnar að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála. Hins vegar fellur það undir valdsvið nefndarinnar hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Undir verksvið nefndar um eftirlit með lögreglu fellur að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [redacted] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lítur að framkomu og starfsháttum starfsmanna lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu við framkvæmd húsleitar þann [redacted] 2021.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindið og þau gögn sem henni bárust frá héraðssaksóknara. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996. Nefndin telur þó óheppilegt að ekki séu til upptökur af atvikinu. Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

**Niðurstaða**

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [redacted]

Reykjavík, 14. júní 2022

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: NEL 20060006

**Ákvörðun nr. 46/2022**

Þann 15. júní 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 46/2022.

**Málsatvik**

Með ákvörðun sinni nr. 22/2021 frá 17. mars 2021, komst nefnd um eftirlit með lögreglu að niðurstöðu vegna erindis [redacted] frá 7. júní 2020. Í niðurstöðunni taldi nefndin tilefni til að afla frekari upplýsinga vegna eftirtalinna atriða hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu.

Í fyrsta lagi taldi nefndin þar tilefni til að óska eftir frekari upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu hvað varðar meintar rangfærslur í endurriti á skýrslu [redacted] vegna kærunnar.

Í öðru lagi, hvað varðaði þann þátt erindisins er sneri að bréfi undirrituðu af [redacted] beindi nefndin þeim tilmælum til Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu að taka málsmeðferðina upp innan embættisins og eftir atvikum gera æskilegar breytingar á starfsháttum til að koma í veg fyrir viðlíka tilvik í framtíðinni.

Í þriðja lagi beindi nefndin þeim tilmælum til Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu að ráða bót á því að upplýsa [redacted] um lyktir málsins hafi slíkt ekki þegar verið gert.

Í fjórða lagi taldi nefndin enn fremur ástæðu til að óska eftir upplýsingum um hvort að viðkvæm gögn sem innihéldu viðkvæmar persónuupplýsingar hafi verið sendar með ábyrgðarsendingu. Þá fór nefndin einnig þess á leit við embættið að upplýsa nefndina um almennt verklag hvað varðar sendingar slíkra gagna frá embættinu.

**Forsendur nefndarinnar**

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Þá fellur undir valdsvið nefndarinnar hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi

lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

**2.**

Nefndinni bárust upptökur af skýrslutöku af [redacted] þann 17. mars sl., vegna kæru sem hún lagði fram [redacted] Eftir yfirferð nefndarinnar á upptökum á skýrslutökunni af [redacted] telur nefndin að ekki sé um að ræða rangfærslur í endurriti af skýrslutökunni. Þess ber að geta að um er að ræða samantekt en ekki endurrit af skýrslutökunni í heild sinni. Nefndin telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna þessa þáttar málsins.

Einnig barst nefndinni erindi Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þann 17. maí sl., vegna ákvörðunar nefndarinnar þar sem fram koma skýringar og svör við þeim spurningum og tilmælum sem nefndin setti fram og beindi til embættisins með ákvörðun nr. 22/2021. Hvað varðar beiðni nefndarinnar um upplýsingar um verklag lögreglu við sendingar á viðkvæmum persónuupplýsingum með pósti kom fram í svari lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu frá 17. maí sl., að öll erindi hafi undanfarin ár verið send með rekjanlegum pósti sem er aðeins afhentur skráðum móttakanda. Þá hefur embættið nýverið tekið í notkun rafræna gátt, Signet Transfer til að senda gögn sem eru þess eðlis að um þau þarf að ríkja trúnaður. Þá kemur í erindinu fram að á þeim tæpu [redacted] umrætt bréf, hefur átt sér stað mikil vinna við breytingar er varða afgreiðslu á málum af þessu tagi. Að því er varðar tilmæli nefndarinnar um hvort [redacted] hafi verið upplýst um lyktir málsins kemur fram í erindi Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu að hún hafi fengið senda skýrslu þann [redacted] sem bar með sér lyktir þess.

**3.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu með hliðsjón af þeim spurningum og tilmælum

sem fram komu í ákvörðun nefndarinnar nr. 22/2021. Telur nefndin að embættið hafi gefið skýringar á þeim og eins gert grein fyrir umbótum sem hafa átt sér stað á þeim verkferlum er varða afgreiðslu á sambærilegum málum.

Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996. Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

**Niðurstaða**

**Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [redacted]**

Reykjavík, 15. júní 2022

Margrét Einarsdóttir
varaformaður

Grímur Sigurðarson

Flosi H. Sigurðsson

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 21100004

# Ákvörðun nr. 47/2022

Þann 29. júní 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 47/2022.

## Málsatvik

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu framsendi nefnd um eftirlit með lögreglu þann 14. október 2021, erindi [redacted] dags. 8. október 2021. Í erindinu gerir [redacted] athugasemdir við framkomu og starfsaðferðir starfsmanns Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sem stöðvaði hana fyrir of hraðan akstur þann [redacted] maí 2021. [redacted] lýsir því í erindi sínu að lögreglumaðurinn hafi sett henni afarkosti um greiðslu sektarinnar á staðnum eða að eyða 10 dögum í fangelsi. Hann hafi þar með látið hjá líða að benda henni á þann kost að fá greiðsluseðil sendan heim til sín með 30 daga greiðslufrest eins og reglur kveða á um og þvingað hana til greiðslu sektarinnar á staðnum.

## Forsendur nefndarinnar

### 1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Meðfylgjandi erindinu dags. 14. október 2021 frá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu voru tölvupóstsamskipti embættisins við kvartanda ásamt afriti af hraðamælingu. Embættið tekur fram í bréfinu að gögn málsins hafi verið tryggð og muni verða send nefndinni innan tíðar.

Embættið framsendi nefndinni frekari tölvupóstsamskipti milli embættisins og kvartanda 7. og 8. nóvember sl. þar sem kemur meðal annars fram að ekki væru til upptökur úr búkmyndavélum af afskiptunum.

Nefndin óskaði eftir frekari gögnum þann 15. júní sl., þar sem engar skýrslur höfðu borist henni vegna málsins. Þann 22. júní fékk afhentar skýrslur málsins ásamt upptöku úr búkmyndavél lögreglumannsins á vettvangi sem sýnir þó aðeins hluta afskiptanna. Þó má heyra á henni að [redacted] var aðeins gefinn kostur á því að greiða á staðnum eða „you need to pay on the spot".

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [redacted]r ljóst að um er að ræða kvörtun sem lítur að meintri rangri upplýsingagjöf og þvingun til greiðslu sektar.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, fær nefnd um eftirlit með lögreglu ekki séð að starfsaðferðir lögreglu á vettvangi hafi verið aðfinnsluverðar. Engu að síður telur nefnd um eftirlit með lögreglu að tilefni kunni að vera til af hálfu Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu að taka málið til skoðunar vegna eftirfarandi:

a) Nefndin telur óheppilegt að upptakan hafi aðeins borist nefndinni þegar kallað var eftir frekari gögnum þrátt fyrir að embættið hafi í tvígang framsent gögn vegna málsins.
b) Nefndin telur það aðfinnsluvert að aðeins hluti afskiptanna sé til á upptöku.
c) Nefndin gerir alvarlegar athugasemdir við að kvartanda hafi ranglega verið tjáð að engar upptökur væru til af afskiptunum.

**Niðurstaða**

Erindi [redacted] [redacted] er sent Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu til þóknanlegrar meðferðar.

Reykjavík, 29. júní 2022

*Skúli Þór Gunnsteinsson*
Skúli Þór Gunnsteinsson (Jun 30, 2022 08:42 GMT)

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristin Edwald

Kristín Edwald

Þorbjörg I Jónsdóttir

Þorbjörg I. Jónsdóttir

**Signature:** *Þorbjörg I Jónsdóttir*
Þorbjörg I Jónsdóttir (Jul 5, 2022 14:41 GMT)

**Signature:** *Kristin Edwald*
Kristin Edwald (Jul 5, 2022 07:30 GMT)

**NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU**
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 21080004

**Ákvörðun nr. 48/2022**

Þann 14. júní 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 48/2022.

**Málsatvik**

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [redacted] þann 23. júlí 2021. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við meint aðgerðarleysi lögreglu er [redacted] hringdi í fjarskiptamiðstöð þann [redacted] júlí sl. og tilkynnti um að einstaklingur væri að hóta honum og hann óttaðist hann. [redacted] er ósáttur við viðbrögð lögreglu þar sem hann segir að honum hafi verið tjáð að framangreind ástæða hafi ekki verið nægileg til þess að hringja neyðarsímtal.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá ríkislögreglustjóra með bréfi þann 5. ágúst 2021. Einnig var óskað eftir frekari gögnum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu þann 11. maí sl.

**Forsendur nefndarinnar**

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Ríkislögreglustjóri sendi nefndinni hljóðupptökur frá Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra þann 11. maí sl. Þá bárust nefndinni dagbókarfærslur frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu þann 16. maí sl.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu greinir hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [redacted] er ljóst að um er að ræða kvörtun vegna meints aðgerðarleysis starfsmanna ríkislögreglustjóra og Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá ríkislögreglustjóra og Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Eftir yfirferð nefndarinnar telur nefndin að ekkert athugavert hafi verið við starfshætti lögreglu og af upptöku af símtali við fjarskiptamiðstöð RLS og dagbókarfærslu LRH er ljóst að brugðist hafi verið við símtali [redacted] þar sem fram kemur að lögreglumaður hafi í kjölfarið verið sendur á vettvang. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996. Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

**Niðurstaða**

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [redacted]

Reykjavík, 14. júní 2022

Skúli Þór Gunnsteinsson
**formaður**

**Kristín Edwald**

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 21110004

**Ákvörðun nr. 50/2022**

Þann 29. júní 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 50/2022.

**Málsatvik**

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [redacted] lögmanni fyrir hönd [redacted] dags. 24. nóvember 2021. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfshætti og starfsaðferðir starfsmanna lögreglu þegar þeir komu í íbúð kvartanda þar sem hann hafði orðið fyrir hrottalegri líkamsárás og handtóku hann, á nærbuxum einum klæða. Fram kemur einnig í erindinu að kvartandi hafi verið yfirvegaður og rólegur þegar lögregla kom að og lögmaður telur verklag lögreglu við þessar aðstæður hafi verið í hrópandi ósamræmi við yfirlýst viðbrögð lögreglu gagnvart brotaþolum í aðstæðum sem þessum.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu með bréfi þann 1. desember 2021.

**Forsendur nefndarinnar**

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með tölvupósti þann 4. janúar 2022. Meðfylgjandi svari embættisins voru upptaka úr búkmyndavél og skýrslur lögreglu vegna málsins.

Á upptöku úr búkmyndavél lögreglumanns á vettvangi sem hefst ekki fyrr en búið er að færa [redacted] í handjárn, má sjá [redacted] sitjandi á gólfinu á nærfötunum í blóðpolli. Á upptökunni má heyra að ástæða þess að hann var færður í handjárn, var sú að lögregla var ekki viss um málsatvik á þeim tíma og þótti því öruggara að færa hann í járn til að tryggja aðstæður.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [redacted] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lítur að starfsháttum og starfsaðferðum lögreglumanna við komu á vettvang þar sem meintur brotaþoli var umtalsvert slasaður.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, og þeim upplýsingum sem lögreglumenn höfðu þegar þeir höfðu afskipti af [redacted] telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996.

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur hins vegar ástæðu til að senda erindið til skoðunar Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og embættis ríkislögreglustjóra með það í huga að endurskoða verklag þegar komið er að illa slösuðum einstaklingum sem þarf að tryggja vegna hugsanlegra rannsóknarhagsmuna eða öryggis lögreglumanna. Þá telur nefndin gagnrýnivert að ekki séu til upptökur af afskiptum lögreglu í heild.

**Niðurstaða**

Erindi [redacted] er sent til Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og embættis ríkislögreglustjóra til þóknanlegrar meðferðar.

Reykjavík, 29. júní 2022

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

**NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU**
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 21120002

**Ákvörðun nr. 51/2022**

Þann 29. júní 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 51/2022.

**Málsatvik**

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [redacted] dags. 6. desember 2021. Í erindinu gerir [redacted] athugasemdir við framkomu og starfsaðferðir starfsmanna Lögreglustjórans á Suðurlandi í kjölfar tilkynningu hennar um tilraun til [redacted] Fram kemur í erindinu að lögregla sem mætti á vettvang hafi verið hranaleg og dónaleg við [redacted] og varð vitni af árásinni. Þá hafi þeim, þó sérstaklega [redacted] ekki verið boðin áfallahjálp eftir atvikið. Þar sem [redacted] og [redacted] hafi henni verið ekið eftir atvikið til [redacted] og ekki fengið þá hjálp sem hún þurfti á að halda að hennar sögn, þar sem hún var í losti. Einnig gerir [redacted] athugasemdir við að henni hafi ekki verið skipaður réttargæslumaður. Þá eru einnig gerðar athugasemdir við meint símtal rannsóknarlögreglumanns Lögreglustjórans á Suðurlandi til [redacted] eftir atburðinn, þar sem hann sakaði hana um að fara með rangt mál í skýrslutöku. [redacted] telur starfsmenn lögreglu í kjölfar meintrar árásar, ekki hafa staðið rétt að máli sínu og ekki fylgt þeim verklagsreglum sem við eiga í málum sem þessum.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á Suðurlandi með bréfi þann 6. desember 2021.

**Forsendur nefndarinnar**

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða

eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Suðurlandi svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 5. febrúar 2022. Meðfylgjandi svari embættisins voru upptökur úr búkmyndavélum lögreglumanna á vettvangi, dagbókarfærslur og skýrslur lögreglu.

Í svari embættisins kemur fram að meðferð málsins hafi frá upphafi verið í samræmi við lög og verklagsreglur og lögreglumenn sýnt kvartanda og [redacted] nærgætni. Einnig kemur fram að lögreglustjóri hafi metið það svo að skilyrði fyrir tilnefningu réttargæslumanns fyrir kvartanda hafi ekki verið fyrir hendi.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [redacted] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lítur að starfsháttum og starfsaðferðum lögreglumanna í kjölfar [redacted]

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á Suðurlandi. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996. Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

**Niðurstaða**

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [redacted]

Reykjavík, 29. júní 2022

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

**NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU**
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 21120004

**Ákvörðun nr. 52/2022**

Þann 29. júní 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 52/2022.

**Málsatvik**

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [redacted] þann 7. desember sl., þar sem kvartað er yfir starfsaðferðum og aðgerðarleysi lögreglu sem mætti á vettvang í kjölfar þess að ekið var á bifreið sem kvartandi og fjölskylda hennar voru farþegar í.

Þann 20. desember sl., barst nefndinni einnig tilkynning frá embætti héraðssaksóknara um framkomna kæru á hendur lögreglumönnum hjá embætti Lögreglustjórans á Austurlandi og að ákvörðun hafi verið tekin með vísan til 4. mgr. 52. gr. laga um meðferð sakamála um að vísa kærunni frá. Embætti héraðssaksóknara framsendi erindi [redacted] til þóknanlegrar meðferðar hjá nefndinni. Meðfylgjandi erindinu voru gögn málsins frá embætti Lögreglustjórans á Austurlandi.

Nefndin óskaði einnig eftir frekari gögnum frá Lögreglustjóranum á Austurlandi þann 24. maí 2022.

**Forsendur nefndarinnar**

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra

starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Austurlandi svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi þann 31. maí sl. Meðfylgjandi bréfinu voru frekari upplýsingar um atvikið ásamt upptökum úr búkmyndavélum lögreglumanna sem sýna að reynt var að hafa uppi á meintum tjónvaldi þar sem grunur var um ölvunarakstur þegar slysið varð.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [redacted] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lítur að starfsaðferðum og meintu aðgerðarleysi lögreglumanna vegna umferðaróhapps þann [redacted] nóvember sl.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á Austurlandi. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996. Nefnd um eftirlit með lögreglu telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

**Niðurstaða**

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [redacted]

Reykjavík, 29. júní 2022

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

**Kristín Edwald**

Þorbjörg I. Jónsdóttir

**NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU**
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 22010012

## Ákvörðun nr. 53/2022

Þann 29. júní 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 53/2022.

### Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [redacted] lögmanni f.h. [redacted] þar sem gerðar eru athugasemdir við starfsaðferðir lögreglu í tilteknum málum sem til meðferðar hafa verið hjá embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Kvartað er yfir að verjanda [redacted] hafi ekki verið afhent gögn þeirra mála sem til meðferðar eru hjá embættinu þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir verjanda þar um. Þá telur [redacted] að lögreglan sé að koma í veg fyrir að verjandi fái gögn sinna mála í hendur með því að stofna ný mál á hendur sér. Þá hefur verjandi ekki fengið aðgang að gögnum varðandi fjölda úrskurða um rannsóknarheimildir á hendur honum þar sem í sumum þessara úrskurða var að finna villur, svo sem rangt bílnúmer, röng málsnúmer lögreglu, röng tilgreining á eiganda símanúmers o.fl.

### Forsendur nefndarinnar

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega

starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

**2.**

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir löggæslustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

**3.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindi [redacted] Um er að ræða kvörtun og athugasemdir sem lúta að rannsókn lögreglu í nokkrum sakamálum. Ekki fellur undir valdsvið nefndarinnar að endurskoða eða að fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða um framkvæmd rannsóknar sakamála á grundvelli laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Erindinu er því vísað frá nefndinni.

**Niðurstaða**

Erindi [redacted] er vísað frá nefnd um eftirlit með lögreglu.

Reykjavík, 29. júní 2022

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 22030007

**Ákvörðun nr. 54/2022**

Þann 29. júní 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 54/2022.

**Málsatvik**

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi [redacted] þann 23. mars 2022. Þar eru athugasemdir við starfsaðferðir lögreglu þegar farið var inn á heimili [redacted] í kjölfar tilkynningar frá Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra þar sem [redacted] hringdi og tilkynnti um að hafa verið beitt ofbeldi af [redacted] Kvartandi telur að heimildir lögreglu til að fara inn á heimili hennar og gera þar ítarlega húsleit hafi ekki verið fyrir hendi.

**Forsendur nefndarinnar**

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

**2.**

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga

nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

3.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [redacted] Um er að ræða kvörtun og athugasemdir sem lúta að rannsókn lögreglu í nokkrum sakamálum. Ekki fellur undir valdsvið nefndarinnar að endurskoða eða að fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða um framkvæmd rannsóknar sakamála á grundvelli laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Erindinu er því vísað frá nefndinni.

**Niðurstaða**

Erindi [redacted] er vísað frá nefnd um eftirlit með lögreglu.

Reykjavík, 29. júní 2022

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

**NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU**
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 21120008

**Ákvörðun nr. 55/2022**

Þann 25. ágúst 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 55/2022.

**Málsatvik**

Nefnd um eftirlit með lögreglu hefur borist erindi frá lögmanni [redacted] dags. 17. desember 2021 og 25. apríl 2022. Í þeim eru gerðar athugasemdir við starfshætti starfsmanna Lögreglustjórans á Vestfjörðum vegna aðgerða vi[redacted]þann [redacted] Fram kemur að lögreglumenn hafi mætt í fylgd með [redacted]kvartanda án þess að gera boð á undan sér og tekið með valdi muni af heimili þeirra án þess að honum gæfist tækifæri til þess að ræða við [redacted] um hvaða hlutir væru teknir af heimili þeirra eða fara yfir þá muni. Þá gerir [redacted] athugasemdir við orðalag lögreglu þann [redacted]2021 sem sagði hann vera „lítinn karlmann" að heimila þeim ekki að taka þessa muni.

Fram kemur einnig í erindinu að aðgerðir lögreglu feli í sér brottnám muna sem ekki hafi áður vera reynt að semja um og hefði verið rétt að leysa með samningum eða öðrum einkaréttarlegum úrræðum, því hafi engir almannahagsmunir verið fyrir hendi í umræddum aðgerðum sem að mati kvartanda telst aðfinnsluvert.

Nefndin um eftirlit með lögreglu óskaði eftir gögnum fá Lögreglustjóranum á Vestfjörðum 11. janúar og 24. maí 2022.

**Forsendur nefndarinnar**

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða

eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

**2.**

Lögreglustjórinn á Vestfjörðum svaraði beiðnum nefndarinnar með tölvupóstum 4. janúar og 30. maí 2022. Meðfylgjandi voru upptökur úr búkmyndavélum lögreglumanna á vettvangi og skýrslur lögreglu vegna málanna.

Fram kemur meðal annars í bréfi embættisins að tilgangur lögreglu á vettvangi hafi verið að tryggja öryggi borgarans í samræmi við 1. gr. lögreglulaga nr. 90/1996.

**3.**

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

**4.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Nefndin tekur ekki afstöðu til einkaréttarlegs ágreinings milli aðila hvað varðar brottnám muna án undangenginnar skiptingu eigna. Af erindum [redacted] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lítur að starfsháttum lögreglumanna hjá Lögreglustjóranum á Vestfjörðum.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á Vestfjörðum. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefndin að lögreglan hafi í umrædd skipti aðeins verið að sinna beiðni um aðstoð frá borgara. Nefnd um eftirlit með lögreglu telur að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996. Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erinda [redacted]

**Niðurstaða**

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 25. ágúst 2022

Skúli Þór Gunnsteinsson
**formaður**

**Kristín Edwald**

**Þorbjörg I. Jónsdóttir**

**NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU**
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 22010005

**Ákvörðun nr. 56/2022**

Þann 25. ágúst 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 56/2022.

**Málsatvik**

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [redacted] dags. 17. desember 2021. Í erindinu eru gerðar athugasemdir starfshætti starfsmanna embættis Lögreglustjórans á Vestfjörðum þann 13. desember sl. vegna meintrar upplýsingagjafar þeirra til [redacted] fyrrverandi lögreglukonu sem átti í samskiptum við [redacted] sama dag. Einnig eru gerðar athugasemdir við að starfsmenn lögreglu hafi verið í viðbragðsstöðu fyrir [redacted] sem óskaði eftir aðstoð lögreglu vegna ótta um öryggi sitt vegna komandi fundar við kvartanda.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá ríkislögreglustjóra um uppflettingar á kvartanda í LÖKE á tímabilinu 14. - 16. desember 2021, með bréfi þann 23. febrúar 2022.

**Forsendur nefndarinnar**

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega

starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

**2.**

Ríkislögreglustjóri svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi þann 3. mars sl. þar sem fram kom að engar uppflettingar hafi átt sér stað í lögreglukerfinu (LÖKE) á tilgreindu tímabili.

**3.**

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

**4.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [redacted] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lítur að starfsháttum og starfsaðferðum lögreglumanna.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá ríkislögreglustjóra. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996. Nefnd um eftirlit með lögreglu telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

**Niðurstaða**

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [redacted]

Reykjavík, 25. ágúst 2022

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

**NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU**
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 22010006

**Ákvörðun nr. 57/2022**

Þann 25. ágúst 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 57/2022.

**Málsatvik**

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst framsend kvörtun [redacted] frá embætti Lögreglustjórans á Vesturlandi þann 31. desember 2021. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við langan afgreiðslutíma embættisins. Fram kemur að [redacted] dóttir hennar hafi verið handtekin fyri[redacted] við akstur þann [redacted] en sektargerð hafi ekki borist fyrr en [redacted] eða tæpum þremur mánuðum eftir atvikið. Einnig eru gerðar athugasemdir við framkomu lögreglumanna við dóttur [redacted] og vinkonu hennar.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á Vesturlandi þann 11. janúar 2022.

**Forsendur nefndarinnar**

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Meðfylgjandi framsendu erindi frá embætti Lögreglustjórans á Vesturlandi frá 31. desember 2021 voru gögn málsins og upptökur úr eye-witnesskerfi lögreglubifreiðarinnar. Ekki voru til upptökur úr fangageymslum þar sem slíkar upptökur eru aðeins geymdar í þrjá mánuði.

Af upptökum má heyra að lögreglumenn á vettvangi voru kurteisir við dóttur kvartanda sem var í miklu uppnámi vegna atburðanna.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [redacted] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lítur að starfsháttum og framkomu starfsmanna Lögreglustjórans á Vesturlandi.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á Vesturlandi. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996. Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

**Niðurstaða**

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [redacted]

Reykjavík, 25. ágúst 2022

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

**NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU**
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 22010008

**Ákvörðun nr. 58/2022**

Þann 25. ágúst 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 58/2022.

**Málsatvik**

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [redacted] dags. 7. janúar 2022. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við framkomu og starfsaðferðir starfsmanna Lögreglustjórans á Austurlandi aðfaranótt 4. nóvember 2021 þegar höfð voru afskipti af kvartanda á heimilli hans a[redacted] Í erindinu kemur fram að aðgerðir lögreglu og meint fjandsamlegt viðmót lögreglumanns sem tók kvartanda í yfirheyrslu hafi valdið kvartanda og eiginkonu hans töluverðu áfalli.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á Austurlandi þann 11. janúar 2022.

**Forsendur nefndarinnar**

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Austurlandi svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi þann 18. janúar sl. Meðfylgjandi var dagbókarfærsla lögreglu vegna atviksins en ekki voru til frekari gögn vegna málsins.

3.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [redacted] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lítur að starfsháttum lögreglu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á Austurlandi. Nefndin telur óheppilegt að ekki séu til upptökur af atvikinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtun [redacted] og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast vegna erindis [redacted]

**Niðurstaða**

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 25. ágúst 2022

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 22010009

**Ákvörðun nr. 59/2022**

Þann 25. ágúst 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 59/2022.

**Málsatvik**

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [redacted] dags. 18. janúar 2022. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við meint harðræði starfsmanna embættisins gegn kvartanda þegar hann var vistaður í fangaklefa aðfaranótt [redacted] Fram kemur að fangavörður hafi m.a. gripið um klof hans.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu þann 23. febrúar 2022.

**Forsendur nefndarinnar**

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi þann 10. mars sl. Meðfylgjandi voru skýrslur vegna málsins og upptökur úr eyewitness-kerfum lögreglubifreiða, búkmyndavélum lögreglumanna á vettvangi og af fangageymslu.

3.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [redacted] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lítur að meintu harðræði við handtöku og háttsemi starfsmanna lögreglu.

Eftir yfirferð nefndarinnar á upptökum af atvikinu telur nefndin að afskipti lögreglu af [redacted] þann [redacted] sl. hafi verið í samræmi við gildandi verklagsreglur. Hvorki verður séð að harðræði hafi verið beitt við handtöku né að ósæmilegar snertingar lögreglu hafi verið fyrir hendi við tilfærslu [redacted] í fangaklefa.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtun [redacted] og þeim gögnum og upptökum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast vegna erindis [redacted]

**Niðurstaða**

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 25. ágúst 2022

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

**NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU**
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 22010011

**Ákvörðun nr. 60/2022**

Þann 30. september 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 60/2022.

**Málsatvik**

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [redacted] dags. 19. janúar sl. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfshætti starfsmanna Lögreglustjórans í Vestmannaeyjum vegna meintra ítrekaðra afskipta af kvartanda að ósekju. Einnig gerir kvartandi eftirfarandi athugasemdir við meint harðræði starfsmanna embættisins.

Í fyrsta lagi við afskipti sem höfð voru af [redacted] mars 2020. Fram kemur í erindinu að nafngreindur lögreglumaður hafi kýlt hann í kviðinn í fangaklefa.

Í öðru lagi vegna afskipta sem áttu sér stað þann [redacted] desember sl., en þar greinir kvartandi frá því að hafa verið beittur óþarfa hörku sem leiddi til alvarlegs líkamstjóns.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum í Vestmannaeyjum þann 23. febrúar og 16. ágúst 2022.

**Forsendur nefndarinnar**

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að

háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum svaraði beiðni nefndarinnar með bréfum þann 8. mars og 17. ágúst sl. Meðfylgjandi voru skýrslur og upptökur úr eyewitness-kerfum lögreglubifreiða, búkmyndavélum lögreglumanna á vettvangi og fangageymslu.

Af meðfylgjandi upptökum af fangagangi embætti Lögreglustjórans í Vestmannaeyjum þann [redacted] mars 2020, verður ekki séð að kvartandi hafi verið beittur harðræði eða að um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi sé um að ræða.

Á meðfylgjandi upptökum af afskiptunum þann [redacted] desember 2021 er ekki hægt að greina hvað fór fram á milli kvartanda og lögreglumanns nr. [redacted] þar sem lögreglumaðurinn bar ekki búkmyndavél. Leiða má þó líkur af því sem heyrist á upptöku úr búkmyndavél lögreglumanns nr [redacted] að til átaka hafi komið á milli [redacted] áður en [redacted] flúði af vettvangi.

3.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [redacted] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lítur að meintu harðræði og háttsemi starfsmanna lögreglu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum í Vestmannaeyjum. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtun [redacted] og þeim gögnum og upptökum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að uppi sé vafi um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu þann [redacted] desember 2021. Nefndin telur því tilefni til að senda þann hluta erindisins til héraðssaksóknara til þóknanlegrar meðferðar. Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast vegna annarra þátta erindisins.

**Niðurstaða**

Sá hluti erindis [redacted] er varðar meint harðræði af hálfu lögreglu þann [redacted] desember 2021, er sendur héraðssaksóknara til þóknanlegrar meðferðar.

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast vegna annarra þátta erindisins.

Reykjavík, 30. september 2022

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

**NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU**
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 22020003

## Ákvörðun nr. 61/2022

Þann 25. ágúst 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 61/2022.

### Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [redacted] dags. 12. febrúar 2022. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við meint harðræði við handtöku þegar [redacted] var handtekinn þann [redacted] desember 2021. [redacted] kveðst hafa verið beittur miklu harðræði og hafi lögreglumenn m.a. sprautað hann með piparúða og sett hné í bakið á honum sem varð til þess að hann hlaut áverka. Einnig kemur fram að [redacted] hafi ítrekað óskað eftir því við lögregluna eftir handtökuna að fá að hitta lækni eða fara í skoðun á sjúkrahús til þess að hægt væri að skoða þau meiðsl sem hann hlaut en því hafi verið neitað. Þá eru einnig gerðar athugasemdir við það að lögreglan hafi týnt skónum hans.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum þann 23. mars 2022.

### Forsendur nefndarinnar

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega

starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi þann 28. mars 2022. Meðfylgjandi voru skýrslur og upptökur úr eye-witness kerfum lögreglubifreiða og búkmyndavélum lögreglu á vettvangi. Lögreglustjórinn á Suðurnesjum áréttar í meðfylgjandi bréfi að [redacted] hafi endurheimt skóna sína.

Af upptökum má sjá hvernig [redacted] veitir lögreglu stöðuga mótspyrnu, sýnir ógnandi hegðun og virðir að vettugi fyrirmæli hennar. Einnig má sjá þegar sjúkralið mætir á vettvang og hefur eftirlit með [redacted] sem lætur ekki af ógnandi framkomu sinni fyrr en komið er í fangaklefa.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [redacted] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lítur að meintu harðræði við handtöku og starfsaðferðum lögreglumanna.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtuninni og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996. Nefndir telur að aðgerðir lögreglu hafi verið í samræmi við þær aðstæður sem uppi voru á vettvangi og nauðsynlegar til þess að tryggja öryggi allra á vettvangi. Nefnd um eftirlit með lögreglu telur því ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

**Niðurstaða**

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [redacted]

Reykjavík, 25. ágúst 2022

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

**NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU**
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 22020002

## Ákvörðun nr. 62/2022

Þann 13. desember 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 62/2022.

### Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [redacted] dags. 3. febrúar 2022. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfshætti lögreglu þegar púðurleifar bárust á [redacted] við handtöku sem leiddi til þess að [redacted] var ítrekað úrskurðaður í gæsluvarðhald og einangrun, grunaður um brot sem varðað gæti [redacted] fangelsi. Fram kemur einnig í erindinu að þeir lögreglumenn sem sáu um handtökuna eiga að búa að svo góðri þekkingu og þjálfun að óhugsandi sé að þeir hafi borið púðurleifar á [redacted] af gáleysi.

Í erindinu eru einnig gerðar athugasemdir við starfshætti lögreglumanna þegar [redacted] var handtekinn á heimili sínu þann [redacted]2021 og færður á lögreglustöðina við Hverfisgötu á nærbuxunum einum fata.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu og embætti ríkislögreglustjóra þann 21. mars 2022.

### Forsendur nefndarinnar

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að

háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

**2.**

Ríkislögreglustjóri svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi þann 30. júní sl. Meðfylgjandi var myndefni úr dróna af vettvangi ásamt erindi ríkislögmanns til embættisins vegna sama máls og svar ríkislögreglustjóra til ríkislögmanns.

Eftirfarandi kemur fram í svari embættisins:

"Því er alfarið hafnað af hálfu embættis ríkislögreglustjóra að óréttmætir starfshættir hafi búið að baki því að púðuragnirnar fundust á [redacted] Aðgerðir sérsveitar á vettvangi voru að fullu í samræmi við verklag [redacted]

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi þann 30. mars sl. Meðfylgjandi voru skýrslur vegna málsins, gæsluvarðhaldsúrskurðir og upptökur úr eyewitness-kerfum lögreglubifreiða. Í svari lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu dags. 29. mars sl., kemur m.a. fram að ástæða þess að kvartandi hafi verið færður á lögreglustöð í stuttbuxum einum fata, [redacted]

**3.**

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

**4.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [redacted] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lítur að starfsaðferðum og starfsháttum starfsmanna lögreglu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá ríkislögreglustjóra og Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af því

hvernig málsatvikum var lýst í kvörtun [redacted] og þeim gögnum og upptökum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur ekki tilefni til að aðhafast vegna erindis [redacted]

Nefndin telur hins vegar í ljósi atvika málsins að fullt tilefni sé til að endurskoða verklag sem [redacted]

**Niðurstaða**

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Nefndin beinir þeim tilmælum til ríkislögreglustjóra að endurskoða verklag sem snýr að [redacted]

Reykjavík, 13. desember 2022

Margrét Einarsdóttir
Margrét Einarsdóttir
varaformaður

Kristín Edwald
Kristín Edwald

Þorbjörg I Jónsdóttir
Þorbjörg I. Jónsdóttir

**Signature:** Margrét Einarsdóttir
Margrét Einarsdóttir (Dec 15, 2022 10:31 GMT)
**Email:** [redacted]

**Signature:** Kristín Edwald
**Email:** [redacted]

**Signature:** Þorbjörg I Jónsdóttir
Þorbjörg I Jónsdóttir (Dec 20, 2022 12:45 GMT)
**Email:** [redacted]

**NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU**
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 22030001

## Ákvörðun nr. 64/2022

Þann 30. september 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 64/2022.

### Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [redacted] dags. 28. febrúar 2022. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir starfsmanna embættisins við rannsókn máls. Fram kemur að lögmaður [redacted] hafi fengið misvísandi og rangar upplýsingar frá fulltrúa embættisins. Einnig að rannsókn málsins hafi ekki gengið hraðar fyrir sig því rannsakandinn hafi verið í leyfi. Að sögn lögmannsins reyndist það ekki rétt, heldur hafi sami rannsakandi verið með málið frá upphafi. Einnig eru gerðar athugasemdir við langan málsmeðferðartíma í ljósi þess að árásarmaðurinn hafi verið handtekinn á vettvangi og vitni hafi geta staðfest að hann hefði ráðist á [redacted]

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu þann 21. mars 2022.

### Forsendur nefndarinnar

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega

starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

**2.**

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi þann 29. mars 2022. Meðfylgjandi voru skýrslur, dagbókarfærslur og yfirlit yfir færslur í málaskrá embættisins vegna málsins.

**3.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Um er að ræða kvörtun og athugasemdir sem lúta að rannsókn lögreglu á sakamáli. Ekki fellur undir valdsvið nefndarinnar að endurskoða framkvæmd rannsóknar samkvæmt lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Ríkissaksóknari hefur eftirlit með framkvæmd ákæruvalds hjá öðrum ákærendum sbr. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 88/2008. Erindinu er því vísað frá nefndinni.

**Niðurstaða**

Erindi [redacted]r vísað frá nefndinni.

Reykjavík, 30. september 2022

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

**NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU**
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 22030003

**Ákvörðun nr. 65/2022**

Þann 7. október 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 65/2022.

**Málsatvik**

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [redacted] dags. 15. mars sl. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfshætti og framkomu starfsmanna LRH vegna atviks sem átti sér stað [redacted] mars sl. Í erindinu kemur fram að kvörtunin snúi að „[...] því að hér hefur [redacted] lögreglu sagt þriðja aðila frá því sem fer á milli mín og lögreglu í sakamáli og rýrt mitt mannorð með beinum aðdróttunum og beinlínis sagt að þeir muni koma í veg fyrir að ég geti verið eðlilegur starfsmaður innan fyrirtækisins."
Málsatvikum er nánar lýst í gögnum málsins.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þann 22. mars 2022.

**Forsendur nefndarinnar**

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi þann 29. mars 2022. Meðfylgjandi svari embættisins voru upptökur úr búkmyndavélum lögreglumanna á vettvangi og skýrslur lögreglu vegna málsins.

Á upptöku úr búkmyndavél má heyra hluta af samtali lögreglumannanna við vinnuveitanda kvartanda þar sem annar þeirra viðrar meðal annars efasemdir sínar um andlegt heilbrigði [redacted] við vinnuveitanda hans og telur hann „alveg farinn" og segist ætla að hafa „auga með honum".

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [redacted] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lítur að meintu broti á þagnarskyldu og meintum ærumeiðingum í hans garð.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtun [redacted] og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að uppi séu vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu vegna meintrar upplýsingagjafar til þriðja aðila, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Með hliðsjón af framangreindu telur nefndin tilefni til að senda erindið til þóknanlegrar meðferðar hjá héraðssaksóknara.

**Niðurstaða**

Erindi [redacted] er sent héraðssaksóknara til þóknanlegrar meðferðar.

Reykjavík, 7. október 2022

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

**NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU**
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 22030005

**Ákvörðun nr. 66/2022**

Þann 30. september 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 66/2022.

**Málsatvik**

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [redacted] dags. 15. mars 2022. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfshætti og framkomu lögreglu þann 15. mars sl., þegar [redacted] var að aka eftir [redacted] lýsir atvikum með þeim hætti að bifreiðin á undan honum hafi stöðvað ökutækið á miðri akbraut á móti annarri bifreið úr gagnstæðri átt og hindrað þar með umferð. [redacted] kveðst hafa numið staðar og beðið átekta en eftir að hafa beðið í nokkra stund flautaði hann á bílana til þess að benda þeim á að fleiri væru að reyna að komst leiðar sinnar. Þá hafi önnur bifreiðin kveikt á lögregluljósum, en [redacted] hafði ekki gert sér grein fyrir að um lögreglubifreið væri að ræða þar sem ökutækið var þakið snjó. Eftir smá bið keyrðu báðar bifreiðarnar á brott en lögreglumaður annarrar bifreiðinnar opnaði rúðuna og öskraði á [redacted] "Er ekki allt í lagi?" og veitti [redacted] eftirför í talsverðan tíma og hélt mikilli nálægð við bifreið hans. Upplifði [redacted] það sem ógnun af hálfu lögreglunnar.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu þann 23. mars 2022.

**Forsendur nefndarinnar**

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða

ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

**2.**

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi þann 24. mars sl. Meðfylgjandi voru skýringar aðstoðaryfirlögregluþjóns á lögreglustöð [redacted] sem sinnir verkefnum á því svæði sem atvikið átti sér stað.

**3.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [redacted] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lítur að framkomu og starfsháttum starfsmanna lögreglu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtun [redacted] og þeim skýringum sem embættið gaf nefndinni, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast vegna erindis [redacted]

**Niðurstaða**

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 30. september 2022

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

**NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU**
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 22030006

**Ákvörðun nr. 67/2022**

Þann 7. október 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 67/2022.

**Málsatvik**

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst frá erindi frá [redacted] dags. 28. mars sl. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfshætti og starfsaðferðir starfsmanna Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þegar [redacted] var handtekin og í kjölfarið færð í fangaklefa þar sem hún var látin gista, aðfararnótt laugardags þann [redacted] febrúar sl. Athugasemdir eru gerðar við það verklag sem viðhaft var þegar [redacted] var í haldi lögreglu, að ekki hafi verið haft samband við barnavernd fyrr en morguninn eftir og að meina móður [redacted] að sækja hana þá um nóttina. Einnig eru gerðar athugasemdir við að upplýsingagjöf til móður [redacted] hafi verið villandi. [redacted] veltir einnig upp hvort að [redacted] hafi orðið fyrir mismunun sökum húðlitar vegna þeirrar meðferðar sem hún fékk.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu þann 12. apríl 2022.

**Forsendur nefndarinnar**

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að

háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi þann 27. apríl sl. Meðfylgjandi voru skýrslur vegna málsins og upptökur úr búkmyndavélum, eye-witness kerfum lögreglubifreiða og af lögreglustöð.

Eftir yfirferð nefndarinnar á meðfylgjandi upptökum verður ekki annað séð en að aðgerðir lögreglu hafi nauðsynlegar vegna þeirrar háttsemi sem [redacted]kvartanda viðhafði í umrætt sinn. Þá kemur fram í gögnum málsins að lögreglan hafi haft samband við barnavernd þá um nóttina. Hvað varðar samskipti við aðstandendur og upplýsingagjöf lögreglu telur nefndin ekki ástæðu til að gera athugasemdir þar að lútandi. Nefnd um eftirlit með lögreglu fær ekki séð að afskipti lögreglu af [redacted] hafi beinst að henni að ósekju eða sökum húðlitar hennar. Nefndin telur að lögreglumenn á vettvangi sem og á lögreglustöð hafi gengið fram með yfirvegun í aðgerðum sínum, sýnt fagmennsku og stillingu í þeim aðstæðum sem uppi voru.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [redacted] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lítur að harðræði við handtöku og starfsaðferða starfsmanna lögreglu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtun [redacted] og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

**Niðurstaða**

**Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.**

Reykjavík, **7. október 2022**

**Skúli Þór Gunnsteinsson**
**formaður**

**Kristín Edwald**

**Þorbjörg I. Jónsdóttir**

**NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU**
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 22040002

**Ákvörðun nr. 68/2022**

Þann 7. október 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 68/2022.

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [redacted] dags. 27. apríl 2022. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir og meint ofbeldi starfsmanna Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu gegn [redacted] þann [redacted] janúar sl., á [redacted] sem leitt hafi til alvarlegra áverka, m.a. beinbrots.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir gögnum frá Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þann 18. maí 2022.

**Forsendur nefndarinnar**

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi þann 27. maí 2022. Meðfylgjandi svari embættisins voru dagbókarfærslur lögreglu vegna atviksins. Engar upptökur eru til af atvikinu.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [redacted] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lítur að meintu harðræði lögreglumanna hjá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu gagnvart [redacted] sem var vistaður þar en starfsmenn spítalans höfðu kallað eftir lögregluaðstoð. Þess ber að geta að einnig hefur verið kvartað undan sérstöku varnarteymi á [redacted]

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Þess ber að geta að engar upptökur bárust frá lögreglu og engar myndavélar munu vera á þessu svæði [redacted] Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum er lýst í kvörtuninni og þeim áverkum sem kvartandi kveðst hafa hlotið, þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, stöðu kvartanda, hvar hann var staddur þegar átökin áttu sér stað og að í vafatilvikum skuli beina málum til héraðssaksóknara til meðferðar telur nefnd um eftirlit með lögreglu rétt að skoðað sé af hálfu héraðssaksóknara hvort tilefni sé til að mál [redacted] sé rannsakað nánar og aflað verði frekari gagna í málinu eins og læknisvottorðs til að kanna áverka [redacted] eftir átök við lögreglu eða eftir atvikum starfsmenn [redacted] Því er það mat nefndarinnar að senda málið til héraðssaksóknara til þóknanlegrar meðferðar með vísan til a. liðar 35. gr. a. lögreglulaga.

**Niðurstaða**

Kvörtun [redacted] frá 27. apríl sl. er send héraðssaksóknara til þóknanlegrar meðferðar.

Reykjavík, 7. október 2022

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

**NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU**
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 22050002

**Ákvörðun nr. 69/2022**

Þann 24. nóvember 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 69/2022.

**Málsatvik**

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [redacted] þann 9. maí 2022. Í erindinu kemur fram að kvörtunin lúti að refsiverðu broti í starfi og ámælisverðri framkomu í garð barns af hálfu Lögreglustjórans á Suðurnesjum. Meðfylgjandi erindinu var formleg kvörtun til Lögreglustjórans á Suðurnesjum og annarra embætta vegna atviks sem átti sér stað þann [redacted] 2022.

Einnig var meðfylgjandi afrit af svari Lögreglustjórans á Suðurnesjum við kvörtun [redacted]

**Forsendur nefndarinnar**

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

Skuli barn yfirheyrt sem vitni gildir 6. gr. reglugerðar nr. 651/2009 um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrslur hjá lögreglu o.fl. þar sem fram kemur eftirfarandi: „Nú er barn yfirheyrt sem vitni og skal lögregla þá gæta fyllstu tillitssemi. Ef aðstæður eru sérstakar, s.s. vegna þroska barns, ungs aldurs þess eða alvarleika máls skal lögregla hafa samráð við forráðamenn barns og eftir atvikum gefa þeim kost á að vera viðstaddir yfirheyrslu. Þetta á ekki við ef viðkomandi er sjálfur sakborningur í málinu eða aðrar ástæður mæla gegn því að mati lögreglu. Ef ekki næst til forráðamanna skal gefa barnaverndarnefnd kost á að láta fulltrúa sinn vera viðstaddan yfirheyrslu."

Þá er að finna ákvæði í 2. mgr. 18. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, þar sem fram kemur m.a. fram að fulltrúa barnaverndar skuli vera gefin kostur á að vera viðstaddan skýrslutöku af barni sem brotaþola og sem vitni.

3.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [redacted] er ljóst að um er að ræða kvörtun og athugasemdir sem lúta að starfsháttum Lögreglustjórans á Suðurnesjum við rannsókn máls. Nefndin fór ítarlega yfir erindi [redacted] Fram kemur í svarbréfi embættisins til [redacted] að starfsmenn Barnaverndar [redacted] voru viðstaddir þegar umræddar aðgerðir lögreglu fóru fram þann [redacted] sl., sbr. 2. mgr. 18. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtun [redacted] og gildandi lögum og reglugerðum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast vegna erindis [redacted] Nefndin bendir á að Lögreglustjórinn á Suðurnesjum hefur tekið verklagið til skoðunar vegna kvörtunarinnar og er það til fyrirmyndar að þegar hafi verið brugðist við.

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

**Niðurstaða**

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 24. nóvember 2022

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

**Kristín Edwald**

**Þorbjörg I. Jónsdóttir**

**NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU**
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 21120007

**Ákvörðun nr. 70/2022**

Þann 24. nóvember 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 70/2022.

**Málsatvik**

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá réttargæslumanni [redacted] dags. 17. desember 2021. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við rannsókn lögreglu í 5 málum sem til rannsóknar eru hjá embættinu og málsmeðferðartíma þeirra. Fram kemur í erindinu að illa hafi gengið að fá svör frá embættinu um framgang málanna og að málin hafi gengið manni á milli innan embættisins án þess að neitt hafi verið aðhafst.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra þann 11. janúar 2022.

**Forsendur nefndarinnar**

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi þann 10. október sl. Meðfylgjandi svari embættisins voru öll málsgögn og dagbókarfærslur lögreglu vegna þeirra. Í svari embættisins kemur fram að öll málin hafi verið tilkynnt til lögreglu á haustmánuðum 2021 og réttargæslumanni hafi verið sent öll gögn málanna innan 3 mánaða frá því að fyrsta málið barst lögreglu. Þá höfðu gögnin borist réttargæslumanni 2 vikum áður en erindi réttargæslumannsins til nefndarinnar er dagsett og áður en tekin hafi verið skýrsla af sakborningi.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [redacted] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur annars vegar að framkvæmd Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra við rannsókn sakamála og hins vegar að meintu aðgerðarleysi lögreglu og skort á svörum.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir kvörtun [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá embætti Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra. Sá hluti erindisins er lýtur að athugasemdum kvartanda við rannsóknaraðferðir starfsmanna Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra heyrir ekki undir valdsvið nefndarinnar með vísan til 1. kafla. Þar sem um er að ræða kvörtun og athugasemdir sem lúta að rannsókn lögreglu á sakamáli. Er það hlutverk ríkissaksóknara að fara með eftirlit með framkvæmd ákæruvalds hjá öðrum ákærendum sbr. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 88/2008. Þeim hluta erindisins er því vísað frá nefndinni.

Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum er lýst í kvörtun [redacted] er varðar aðra þætti kvörtunarinnar, svari Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast vegna erindis.

**Niðurstaða**

Þeim þætti erindisins er lýtur að athugasemdum kvartanda við rannsóknaraðferðir starfsmanna Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra er vísað frá nefnd um eftirlit með lögreglu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 24. nóvember 2022

Skúli Þór Gunnsteinsson
**formaður**

**Kristín Edwald**

**Þorbjörg I. Jónsdóttir**

**NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU**
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 22060006

## Ákvörðun nr. 72/2022

Þann 24. nóvember 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 72/2022.

## Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [redacted] dags. 18. júní 2022. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við meint athafnaleysi starfsmanna lögreglu við rannsókn í kjölfar líkamsárásar sem hann varð fyrir þann [redacted] s.l. á [redacted] að [redacted] Kvartandi heldur því fram að starfsaðferðir lögreglu við framgöngu málsins hafi verið til þess fallnar að rýra traust hans á störfum lögreglu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu þann 8. ágúst 2022.

## Forsendur nefndarinnar

### 1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi þann 15. ágúst sl. Meðfylgjandi voru öll gögn málsins ásamt upptöku úr búkmyndavél lögreglumanns á vettvangi.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [redacted] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að rannsóknaraðferðum Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu á meintri árás sem kvartandi varð fyrir og athugasemdum þar að lútandi. Ekki fellur undir valdsvið nefndarinnar að endurskoða eða að fjalla um almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála á grundvelli laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Það er hlutverk ríkissaksóknara að fara með eftirlit með framkvæmd ákæruvalds hjá öðrum ákærendum sbr. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 88/2008. Erindi [redacted] er því vísað frá nefndinni.

**Niðurstaða**

Erindi [redacted] er vísað frá nefndinni.

Reykjavík, 24. nóvember 2022

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 22060008

**Ákvörðun nr. 73/2022**

Þann 24. nóvember 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 73/2022.

**Málsatvik**

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst frá [redacted] dags. 27. júní sl. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við meint harðræði starfsmanna Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu við handtöku sem átti sér stað þann [redacted] júní s.l. að [redacted] Hafnarfirði.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu þann 8. ágúst 2022.

**Forsendur nefndarinnar**

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi þann 12. ágúst sl. Meðfylgjandi voru öll gögn málsins ásamt upptökum úr búkmyndavélum lögreglumanna á vettvangi.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [redacted] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lítur að meintu harðræði lögreglumanna gegn [redacted] þegar hún var handtekin vegna gruns um [redacted]

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Á meðfylgjandi upptökum úr búkmyndavélum má sjá glögglega hvernig atvikum var háttað í umrætt sinn, framgang handtökunnar og að ekki hafi verið beitt harðræði af hálfu lögreglu.

Með hliðsjón af kvörtun [redacted] og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, þá sérstaklega upptökum úr búkmyndavélum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast vegna erindis [redacted]

**Niðurstaða**

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 24. nóvember 2022

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir

**NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU**
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 22060009

**Ákvörðun nr. 74/2022**

Þann 13. desember 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 74/2022.

**Málsatvik**

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst framsent erindi [redacted] frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu þann 27. júlí 2022. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við framkomu og starfsaðferðir starfsmanna Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu vegna meintrar ólögmætrar handtöku, óhóflegrar valdbeitingar lögreglu og að brotið hafi verið gegn friðhelgi einkalífs kvartanda þann [redacted] júní sl. Fram kemur að kvartandi hafi verið á heimleið á reiðhjóli þegar afskipti voru höfð af honum, hann beðinn um að gera grein fyrir sér og leitað í persónulegum munum hans. Gaf lögregla kvartanda þær skýringar á vettvangi að hann svipaði til einstaklings sem hefði brotist inn í bifreið og stolið bakpoka, og hún væri að leita að.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu sendi nefndinni öll gögn málsins með framsendu erindi þann 27. júlí 2022. Meðfylgjandi var skýrsla vegna málsins ásamt svarbréfi til kvartanda.

**Forsendur nefndarinnar**

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í

því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Í bréfi embættisins dags. 27. júlí sl., til kvartanda vegna erindisins kemur m.a. fram að lögregla hafi verið kölluð á vettvang þjófnaðar úr bifreið. Tilkynnt var um dökkklæddan aðila sem stolið hafði [redacted] bakpoka. Fyrir utan [redacted] sáu lögreglumenn aðila á hjóli sem samsvaraði lýsingu þ.e. dökkklæddur með bláan bakpoka. Lögreglumenn reyndu að gefa sig á tal við manninn en hann hélt áfram að hjóla og sagðist ekki vilja ræða við lögreglu. Þegar lögreglumenn fóru úr lögreglubifreiðinni gaf hann sig loks á tal við þá. Maðurinn kvaðst heita [redacted] Vegna sérstakra aðstæðna sem uppi voru var honum ekki kynnt viðeigandi réttarstaða. [redacted] sagði að lögregla væri að fara mannavillt og var reynt að útskýra fyrir honum hvers vegna væri verið að hafa afskipti af honum en hann virtist ekki skilja það. [redacted] var gert að segja lögreglu frá því hvað hann hefði ofan í bakpokanum. Kom í ljós að poki hans var ekki sá sem stolið var í tilkynntu broti.

Einnig kemur fram að kvartandi hafi ekki verið handtekinn eða verið með réttarstöðu sakbornings í málinu. Þá kemur fram að Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu harmi það að upplifun hans af atvikinu hafi verið slík sem hann lýsti.

Meðfylgjandi bréfinu var einnig skýrsla lögreglumanns á vettvangi vegna atviksins en engar upptökur eru til af því.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [redacted] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lítur að starfsháttum og framkomu Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þann [redacted] júní sl.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Nefndin telur óheppilegt að ekki séu til staðar myndbandsupptökur hjá lögreglu vegna atviksins sem hefði upplýst málsatvik að fullu. Þó liggur fyrir að ekki hafi verið gripið til meira íþyngjandi aðgerða en tilefni stóð til. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtun [redacted] og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast vegna erindis [redacted]

**Niðurstaða**

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 13. desember 2022

Margrét Einarsdóttir

Margrét Einarsdóttir
formaður

Kristín Edwald

Kristín Edwald

Þorbjörg I Jónsdóttir

Þorbjörg I. Jónsdóttir

**Signature:** Margrét Einarsdóttir

**Email:** [redacted]

**Signature:** Þorbjörg I Jónsdóttir

**Email:** [redacted]

**Signature:** Kristín Edwald

**Email:** [redacted]

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 22050001

## Ákvörðun nr. 75/2022

Þann 13. desember 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 75/2022.

### Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi [redacted] framsent frá Lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra, dags. 6. maí 2022. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við afskipti lögreglu af kvartanda þann [redacted] mars sl., þegar lögreglumenn komu að heimili hans að beiðni [redacted] vegna ósættis þeirra á milli. Fram kemur í erindinu að afskiptin hafi verið í hæsta móti óeðlileg og misbeiting á lögregluvaldi.

Meðfylgjandi framsendu erindi frá embættinu voru dagbókarfærslur vegna afskiptanna. Nefndin óskaði að auki eftir afstöðu embættisins til kvörtunarinnar þann 3. október sl.

### Forsendur nefndarinnar

#### 1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi þann 16. nóvember 2022. Meðfylgjandi var dagbókarfærsla vegna atviksins.

Í dagbókarfærslu lögreglu vegna atviksins 5. mars sl., kemur fram að lögregla hafi farið á vettvang og rætt við tilkynnanda, [redacted] sem haldið hafi því fram að [redacted] hafi ekki viljað afhenda skó í eigu [redacted] Lögreglumaður á vettvangi hringdi þá í [redacted] sem kom niður og ræddi við þá. [redacted] tjáði lögreglu að skórnir hefðu orðið eftir á [redacted] hjá [redacted] sem ætlaði að koma með þá til [redacted] í næstu bæjarferð. Að svo búnu útskýrðu lögreglumennirnir fyrir [redacted] að þeir myndu ekki aðhafast frekar.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [redacted] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lítur að starfsaðferðum starfsmanna Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra vegna meintra óeðlilegra afskipta og misbeitingar á lögregluvaldi.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir kvörtun [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá embætti Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum er lýst í kvörtun [redacted] þess sem á undan var gengið í samskiptum aðila og lögregla þurfti að hafa afskipti af og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur óheppilegt að ekki séu til upptökur af atvikinu. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast vegna erindisins.

**Niðurstaða**

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [redacted]

Reykjavík, 13. desember 2022

Margrét Einsrsdóttur
Margrét Einarsdóttir
varaformaður

Kristin Edwald
Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir
Þorbjörg I. Jónsdóttir

**Signature:** Þorbjörg I. Jónsdóttir
Þorbjörg I. Jónsdóttir (Dec 20, 2022 12:44 GMT)
**Email:** [redacted]

**Signature:** [illegible]
Margrét Einarsdóttir (Dec 21, 2022 01:21 GMT)
**Email:** [redacted]

**Signature:** Kristín Edwald
**Email:** [redacted]

**NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU**
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 22080006

**Ákvörðun nr. 76/2022**

Þann 13. desember 2022 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 76/2022.

**Málsatvik**

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá lögmanni [redacted] dags. 11. ágúst sl. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við vinnubrögð lögreglu við handtöku þann [redacted] sl. Telur hann lögreglu hafa sýnt óþarfa hörku, andstætt góðum starfsháttum og gegn 2. mgr. 93. gr. laga um meðferð sakamála. Einnig eru gerðar athugasemdir við að [redacted] hafi ekki verið gefinn kostur á því að mæta sjálfur á lögreglustöð. Þá kemur einnig fram að þegar lögregla mætti á heimili hans hafi hann verið í miðjum klíðum við að veita [redacted] og hafi ekki fengið að ljúka verkefninu þrátt fyrir að [redacted] væri ófær til gangs og sárkvalinn.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum þann 19. september 2022.

**Forsendur nefndarinnar**

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega

starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum svaraði beiðni nefndar með bréfi þann 10. október 2022. Meðfylgjandi voru handtökuskýrsla og handtökuskipun Fangelsismálastofnunar er varða fyrrnefnd afskipti. Nefndinni barst þann 12. október sl., upptaka úr búkmyndavél eins lögreglumanns á vettvangi.

Af meðfylgjandi myndbandsupptöku fær nefndin ekki annað séð en að handtakan hafi farið fram með eðlilegum hætti í umrætt sinn og lögreglumenn á vettvangi hafi sýnt fagleg og vönduð vinnubrögð. Ekki verður séð að lögregla hafi staðið í hótunum við kvartanda á vettvangi eða að til óhóflegrar valdbeitingar hafi komið.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [redacted] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lítur að starfsaðferðum og starfsháttum starfsmanna lögreglu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtun [redacted] og þeim gögnum og upptökum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur því ekki tilefni til að aðhafast vegna erindis [redacted]

**Niðurstaða**

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 13. desember 2022

Margrét Einarsdóttir

Margrét Einarsdóttir
varaformaður

Kristín Edwald

Kristín Edwald

Þorbjörg I Jónsdóttir

Þorbjörg I. Jónsdóttir

**Signature:** Margrét Einarsdóttir
Margret Einarsdóttir (Dec 15, 2022 10:34 GMT)

**Email:** [redacted]

**Signature:** Kristín Edwald

**Email:** [redacted]

**Signature:** Þorbjörg I Jónsdóttir
Þorbjörg I Jónsdóttir (Dec 20, 2022 12:[illegible] GMT)

**Email:** [redacted]

**NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU**
Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 22080004

**Ákvörðun nr. 1/2023**

Þann 12. janúar 2023 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 1/2023.

**Málsatvik**

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi [redacted] dags. 3. ágúst 2022. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir og meint harðræði starfsmanna Lögreglustjórans á Suðurlandi við húsleit sem gerð var á heimili hennar að [redacted] þann [redacted] júní sl. Einnig eru gerðar athugasemdir við að lögregla hafi ekki tilkynnt barnaverndaryfirvöldum um yfirstandi rannsókn á [redacted] sem var þá ólögráða.

Fram kemur í erindi [redacted] að henni hafi verið gert að víkja af heimili sínu á meðan húsleit fór fram. [redacted] heldur því einnig fram að [redacted] afi verið beittur hörku við framangreindar aðgerðir.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá embætti Lögreglustjórans á Suðurlandi þann 8. ágúst 2022 og viðbótarbeiðni þann 3. janúar 2023.

**Forsendur nefndarinnar**

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega

starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á Suðurlandi svaraði beiðnum nefndarinnar með bréfum þann 29. ágúst og 10. janúar 2023. Meðfylgjandi voru öll gögn málsins, upptökur úr búkmyndavélum lögreglumanna á vettvangi og hljóðupptaka af skýrslutöku af [redacted]

Í bréfi embættisins dags. 10. janúar 2023 kemur eftirfarandi fram:

[redacted]

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [redacted] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lítur að

starfsaðferðum og meintu harðræði starfsmanna Lögreglustjórans á Suðurlandi við framkvæmd húsleitar og við skýrslutöku.

Með hliðsjón af valdheimildum nefndarinnar skv. 1. kafla, telur nefndin að vísa beri athugasemd [redacted] við að henni hafi verið gert að víkja á meðan húsleit fór fram, frá nefndinni.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir kvörtun [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá embætti Lögreglustjórans á Suðurlandi. Eftir yfirferð nefndarinnar á meðfylgjandi hljóð- og myndbandsupptökum verður ekki annað séð en að lögreglumenn hafi gengið fram í aðgerðum sínum af nærgætni, sýnt fagmennsku og tekið tillit til ungs aldurs [redacted] kvartanda. [redacted] þegar aðgerðir lögreglu hófust og því ekki þörf á að gera barnaverndaryfirvöldum viðvart.

Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum er lýst í kvörtun [redacted] og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

**Niðurstaða**

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [redacted]

Erindi [redacted] er vísað frá að hluta sbr. 4. kafla.

Reykjavík, 12. janúar 2023

Margrét Einarsdóttir
Margrét Einarsdóttir
varaformaður

Kristín Edwald
Kristín Edwald

Þorbjörg I Jónsdóttir
Þorbjörg I. Jónsdóttir

**Signature:** Margrét Einarsdóttir (Jan 12, 2023 15:44 GMT)
**Email:** [redacted]

**Signature:** Kristín Edwald
**Email:** [redacted]

**Signature:** Þorbjörg I. Jónsdóttir
Þorbjörg I Jónsdóttir (Jan 23, 2023 11:21 GMT)
**Email:** [redacted]

**NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU**
Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 22010007

**Ákvörðun nr. 2/2023**

Þann 27. janúar 2023 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 2/2023.

**Málsatvik**

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [redacted] dags. 10. janúar 2022. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við meinta fölsun starfsmanns embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu á undirskrift kvartanda á vettvangsskýrslu. Skýrslan var rituð í kjölfar meints umferðalagabrots kvartanda sem átti sér stað á [redacted] þann [redacted] 2021.

Nefnd um eftirlit með lögreglu óskaði eftir upplýsingum frá embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þann 11. janúar 2022.

**Forsendur nefndarinnar**

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi dags. 27. desember 2022. Meðfylgjandi voru gögn málsins ásamt upptöku úr búkmyndavél lögreglumanns á vettvangi.

Fram kemur m.a. í bréfinu að [redacted] hafi verið stöðvaður í akstri með ólöglega kerru, lögreglumaðurinn hafi farið yfir það hverju var ábótavant og skráð það. Lögreglumaðurinn hafi sjálfur ritað undir skýrsluna „C19" í stað þess að láta [redacted] undirrita. Það þýðir að vegna Covid-19 er sakborningur ekki látinn staðfesta með undirritun sinni vegna smithættu. Sakborningurinn hafi ekki gengist við brotinu og við það hafi lögreglumaðurinn merkt.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [redacted] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lítur að meintri fölsun starfsmanns Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu á undirskrift kvartanda á vettvangsskýrslu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir kvörtun [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum er lýst í kvörtun [redacted] og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að hvorki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða né refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

**Niðurstaða**

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindis [redacted]

Reykjavík, 27. janúar 2023

Margrét Einarsdóttir
varaformaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir



MARGRÉT EINARSDÓTTIR
2023-02-17 14:07:39 GMT
Ástæða: Undirskrift

KRISTÍN EDWALD
2023-02-17 14:08:16 GMT
Ástæða: Undirskrift

ÞORBJÖRG INGA JÓNSDÓTTIR
2023-02-17 15:44:21 GMT
Ástæða: Undirskrift

NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU
Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 22020004

**Ákvörðun nr. 3/2023**

Þann 20. febrúar 2023 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 3/2023.

**Málsatvik**

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst þann 21. febrúar 2022 erindi [redacted] sem framsent var frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við meinta refsiverða háttsemi starfsmanna embættis Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þegar [redacted] var handtekin og færð í fangaklefa þann [redacted] desember 2021. Fram kemur að [redacted] hafi orðið fyrir meintu kynferðisbroti sem og lítillækkandi meðferð á meðan vistun í fangaklefa stóð. Einnig eru gerðar athugasemdir við að [redacted] hafi hvorki fengið að ræða við lækni né lögfræðing.

Meðfylgjandi framsendu erindi voru upptökur úr fangaklefa og fangagangi, frumskýrsla og handtökuskýrsla frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu.

**Forsendur nefndarinnar**

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Nefndin um eftirlit með lögreglu óskaði eftir frekari upplýsingum frá embætti Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þann 22. september 2022.

Svar embættisins barst nefndinni þann 2. janúar 2023. Meðfylgjandi var dagbókarfærsla lögreglu vegna málsins. Í svari embættisins kemur m.a. fram að engar sérstakar upplýsingar sé að finna í málsgögnum um ástæður þess að kvartandi var vistuð í fangaklefa frekar en á [redacted] Þá eru engar upplýsingar að finna hvort haft hafi verið samband við [redacted] vegna ástands kvartanda í fangaklefa. Loks kemur hvorki fram í gögnum málsins hvernig einstaklingsbundnu mati vegna einstaklinga í sjálfsvígshættu hafi verið háttað í tilviki hennar né hvort það hafi farið fram.

[redacted]

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [redacted] r ljóst að kvörtunin lýtur að framkomu starfsmanna embættisins.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór ítarlega yfir erindi [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Gögn málsins bera með sér var kallað eftir lögregluaðstoð kl. [redacted] desember 2021. Lögreglan fékk það staðfest kl. [redacted] sama kvöld að [redacted] þar sem hún hafi dvalist á vegum og að beiðni [redacted] Miðað við þá vitneskju hefði lögreglunni mátt vera ljóst að viðkomandi væri í sérstaklega viðkvæmri stöðu sem mögulega hefði kallað á vistun á heilbrigðisstofnun, viðveru eða a.m.k. skoðun heilbrigðisstarfsmanns. Þá er skráningum málsins verulega áfátt. Því er mat nefndarinnar að uppi sé verulegur vafi á hvort verklagsreglum [redacted] hafi verið fylgt í umræddu tilviki.

Af yfirferð nefndarinnar á gögnum málsins verður ekki séð að starfsaðferðir lögreglu í fangaklefa þann [redacted] desember 2021 hafi sýnt fram á mögulega refsiverða háttsemi starfsmanna Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Með hliðsjón af því hvernig málsatvikum var lýst í kvörtun [redacted] og þeim gögnum og upptökum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að uppi séu vísbendingar um mögulega ámælisverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Af því tilefni er erindið sent Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu til þóknanlegrar meðferðar.

Erindið er einnig sent umboðsmanni Alþingis með vísan til 2. mgr. 2. gr. laga nr. 85/1997 um umboðsmann Alþingis.

**Niðurstaða**

Erindi [redacted] er sent Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu til þóknanlegrar meðferðar.

Erindið er einnig sent umboðsmanni Alþingis til upplýsinga.

Reykjavík, 20. febrúar 2023

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir



Fullgild rafræn undirskrift
KRISTÍN EDWALD
2023-02-21 20:38:25 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
SKÚLI ÞÓR GUNNSTEINSSON
2023-02-22 08:30:52 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ÞORBJÖRG INGA JÓNSDÓTTIR
2023-02-22 15:01:08 GMT
Ástæða: Undirskrift

**NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU**
Borgartún 29, 105 Reykjavík
Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051
Netfang: nel@nel.is
Tilv.: 22030004

**Ákvörðun nr. 4/2023**

Þann 20. febrúar 2023 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 4/2023.

**Málsatvik**

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [redacted] dags. 15. mars 2022. Í erindinu eru gerðar athugasemdir við starfsaðferðir lögreglu þegar [redacted] var stöðvuð af lögreglubifreið með skráningarnúmerið [redacted] mánudaginn [redacted] mars sl. kl. [redacted] Í erindinu kemur fram að lögreglan hafi ekki kveikt á ljósunum fyrr en bifreið [redacted] hafði verið lagt í stæði við heimili hennar. Þegar hún hafi stöðvað bifreiðina hafi lögreglukona komið að bílnum og heilsað henni með nafni. [redacted] afi spurt hvernig hún þekkti hana með nafni og hafi lögreglukonan svarað um leið að hún hafi flett henni upp „því lögreglan má það og eigi að gera það". Því næst hafi hún spurt hví lögregla hafi stöðvað og kveikt ljós sín, lögreglukonan hafi þá svarað að hún hafi verið tekin fyrir [redacted] árið [redacted] hafi verið tilbúin að blása og gera hvað eina sem lögreglan óskaði en hafi hins vegar spurt fyrst lögreglukonuna til nafns og númers. Lögreglan hafi þá svarað að hún gæti ekki svarað til nafns en gæti gefið upp lögreglunúmer en hlaupið um leið inn í lögreglubifreiðina og ekið á brott án þess að gefa [redacted] þessar upplýsingar.

Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu þann 22. mars og 26. september 2022.

**Forsendur nefndarinnar**

**1.**

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærum á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákæruvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli.

Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu svaraði beiðni nefndarinnar með bréfi þann 30. maí 2022 og 10. janúar 2023. Meðfylgjandi var greinargerð frá lögreglumanni af vettvangi vegna atviksins. Fram kemur að ekki hafi verið bókað um samskipin í dagbók lögreglu og ekki séu til upptökur vegna atviksins.

Í bréfi embættisins dags. 30. maí 2022 kemur meðal annars fram að ástæða afskiptanna hafi verið hefðbundið umferðareftirlit.

3.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

4.

Nefnd um eftirlit með lögreglu ber að greina hvort erindi sem henni berast vegna háttsemi lögreglu feli í sér kvörtun yfir starfsháttum eða kæru vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi starfsmanna lögreglunnar. Af erindi [redacted] er ljóst að um er að ræða kvörtun sem lýtur að framkomu og starfsaðferðum starfsmanna Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Nefnd um eftirlit með lögreglu fór yfir erindi [redacted] og þau gögn sem henni bárust frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Nefndin telur afar óheppilegt að ekki séu til upptökur af afskiptunum en ljóst er að slíkar upptökur hefðu varpað skýru ljósi á málsatvik, sem aðilum ber ekki saman um. Engu að síður með hliðsjón af því hvernig málsatvikum er lýst í kvörtun [redacted] og þeim gögnum sem nefndin hefur undir höndum, telur nefnd um eftirlit með lögreglu að ekki séu uppi vísbendingar um mögulega ámælisverða eða refsiverða háttsemi starfsmanna lögreglu, sbr. 2. mgr. 35. gr. a. laga nr. 90/1996. Nefndin telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins en beinir þeim tilmælum til Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu að efla notkun búkmyndavéla við löggæslustörf.

**Niðurstaða**

Nefnd um eftirlit með lögreglu telur ekki tilefni til að aðhafast frekar vegna erindisins.

Reykjavík, 20. febrúar 2023

Skúli Þór Gunnsteinsson
formaður

Kristín Edwald

Þorbjörg I. Jónsdóttir



KRISTÍN EDWALD
2023-02-21 [illegible] GMT
Ástæða: Undirskrift

SKÚLI ÞÓR GUNNSTEINSSON
2023-02-22 08:31:41 GMT
Ástæða: Undirskrift

ÞORBJÖRG INGA JÓNSDÓTTIR
2023-02-22 16:01:28 GMT
Ástæða: Undirskrift